

## Umsagnir um matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1 og viðbrögð Landsnets við þeim

Skipulagsstofnun óskaði eftir að eftirtaldir aðilar veittu umsögn um matsáætlun vegna Holtavörðuheildarlínu 1: Borgarbyggð, Húnaþing vestra, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Landgræðslan, Umhverfisstofnun og Vegagerðin. Alls bárust 11 umsagnir, en Húnaþing vestra og Fiskistofa veittu ekki umsögn. Tafla 1 gefur yfirlit yfir umsagnirnar og viðbrögð Landsnets við þeim. Efni umsagna var flokkað eftir inntaki þeirra og í töflunni er þeim raðað eftir tilvísun í kafla matsáætlunar vegna Holtavörðuheildarlínu 1.

Á þeim tíma sem matsáætlun var í kynningu bárust Skipulagsstofnun 18 umsagnir frá almenningi. Tafla 2 gefur yfirlit yfir umsagnirnar og viðbrögð Landsnets við þeim. Efni umsagna var flokkað eftir inntaki þeirra og í töflunni er þeim raðað eftir tilvísun í kafla matsáætlunar vegna Holtavörðuheildarlínu 1.

**Tafla 1. Umsagnir frá umsagnaraðilum um matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1.**

Nr	Kafli 2 Umsagnaraðili	Efnisatriði: Forsendur og markmið Umsögn	Viðbrögð Landsnets
1	Skorradalshreppur	<p>Í matsáætlun vantar tilfinnanlega umfjöllun um þær breyttu forsendur á raforkumarkaði sem hafa orðið og gætu orðið. Sérstaklega vantar að gaumgæfa hvaða áhrif „orkupakkar“ ESB geti haft á viðskipti með raforku á afskriftatíma þeirra raflína sem hér um ræðir. Það þarf að ræða hvernig þeir sem leggja land undir staurastæður og land undir línur og á áhrifasvæði þeirra fái sanngjarnan hlut í þeim viðskiptahagnaði sem þá gæti skapast. Vera kann að orkutilskipanir ESB, t.d. fjórði orkupakkinn geti orðið til þess að unnt verði, eða jafnvel skylt að skattleggja háspennumöstur t.d. með fasteignasköttum, eins og önnur mannvirki sem reist eru til einkanota, eða fyrir atvinnurekstur. Við þá ráðstöfun yrði eignarréttur upprunalegs landeiganda skaðaður. Mun minni mannvirki en háspennumöstur þurfa jafnan að hafa lóð og bera fasteignaskatt af sjálfu sér og lóðinni einnig. Þá er miðað við álagningu sem er hlutfall af eðlilegu staðgreiðsluverði sambærilegra eigna á svæðinu. Hlunnindi bera fasteignaskatt sem hlutfall af ætlaðri arðsemi. Til samanburðar er ágætt að skoða stöðu á raforkumarkaði í Evrópu nú um stundir.</p>	<p>Þörf fyrir uppbyggingu flutningskerfisins er metin út frá forsendum eins og raforkuspá og samningum við nýja notendur kerfisins auk stefna stjórnvalda s.s. orkustefnu, stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og aðgerðaáætlun í loftsslagsmálum. Ekki er horft sérstaklega til mögulegra breytinga á samevrópskri löggjöf og breytingum á viðskiptaumhverfi með raforku byggðum á þeim. Landsnet fylgir gildandi raforkulögum og hverjum þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins á hverjum tíma. Í raforkutilskipunum er ekki fjallað um skattlagningu orkumannvirkja. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 6/2001 eru rafveitur, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum, undanþegnar fasteignamati en meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir spennistöðvar og þær lóðir er þau standa á. Háspennulínur hafa þannig ekki verið metnar fasteignamati og fasteignaskattur því ekki lagður á þær enda engin álagningarstofn til staðar. Flutningskerfi raforku telst til einna mikilvægustu innviða samfélagsins. Í 1. gr. raforkulaga er fjallað um markmið laganna, sem er m.a. að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og tryggja fullnægjandi raforkuöryggi, hagsmuni neytenda og neytendavitund á raforkumarkaði. Í III. kafla laganna er svo nánar fjallað um skyldur flutningsfyrirtækisins, sem er Landsnet. Þannig skal eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Er það gert til að rjúfa eignatengsl milli Landsnets, sem hefur einkaleyfi á flutningi raforku og kerfisstjórnun, og orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna. Þannig er skilið á milli samkeppnisreksturs og grunnreksturs á orkumarkaði. Landsnet hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. 1. mgr. 9. gr. raforkulaga. Hvort sem um er að ræða þjóðvegi eða flutningskerfi raforku er um að ræða mikilvæga innviði og grunnrekstur og þeir sem leggja til afnot af landi í þágu þessara innviða fá landbætur í samræmi við það beina fjártjón sem viðkomandi kann að verða fyrir í samræmi við reglur og sjónarmið laga þar um.</p>

Kafli 4		Efnisatriði: Valkostir	Viðbrögð Landsnets
Nr	Umsagnaraðili	Umsögn	
2	Hvalfjarðarsveit	Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd (USNL-nefnd) Hvalfjarðarsveitar álitur að línuleið Holtavörðuheildarlínu 1 verði best fyrir komið meðfram núverandi lagnaleið Vatnshamralínu. Verði Bjarnarholtsleið fyrir valinu að þá verði strengur lagður í jörðu. Þá leggur USNL-nefnd áherslu á að samhliða uppbyggingu Holtavörðuheildarlínu 1, verði eldri lína aflögð og möstur fjarlægð. Fram hefur komið hjá Landsneti að núverandi Vatnshamralína sem fer frá Brennimel yfir Skarðsheiði og á Vatnshamra muni ekki víkja a.m.k. fyrst um sinn. Sveitarfélagið hefur farið fram á það að ný lína og gamla Vatnshamralínan verði báðar settar á eina stauralínu til þess að minnka áhrifsvæðið og ásýndina.	Niðurstöður umhverfismatsins munu gefa vísbindingar um hvort og hvar þörf er á mótvægisáðgerðum til þess að draga úr eða bæta fyrir möguleg neikvæð áhrif Holtavörðuheildarlínu 1. Svo sem með því að setja núverandi raflínu og Holtavörðuheildarlínu 1 í sama mastur, þar sem því er við komið. Sjá nánar í kafla 4.3.2 í matsáætlun.
3	Skorradalshreppur	Í erindi til Landnets þann 19. janúar sl. er varðar ábendingar valkostagreiningar Holtavörðuheildarlínu 1 voru gerðar alvarlegar athugasemdir við þá greiningu. Í kafla 3 er fjallað um valkosti til umhverfismats. Línunni er skipt upp í fjóra kafla, þ.e. A, B, C og D og kafli A fer um Skorradalshrepp. Núverandi byggðalína liggur um 6 km leið innan marka sveitarfélagsins, hluta til um fjalllendi og að hluta um nytjað land á láglandi. Það íbúðarhús sem stendur næst byggðalínunni er íbúðarhús í landi Neðri Hrepps og er í 600 m fjarlægð frá línunni. Engin umfjöllun er í skýrslunni um legu mögulegrar línu um sveitarfélagið. Hreppurinn telur það ámælisvert og kallaði eftir umfjöllun um möguleg áhrif línunnar innan þeirra jarða sem línan fer um. Í ljósi þess óskaði Skorradalshreppur eftir að valkostagreiningarskýrslan yrði lagfærð og áskilaði skipulagsnefndin sér síðan rétt á að koma með ábendingar aftur þegar lagfærð skýrsla lægi fyrir. Uppfærð valkostagreiningarskýrsla hefur enn ekki borist og sú valkostagreining sem lá frammi er ekki lengur aðgengileg á heimasíðu Landsnets. Sveitarfélagið gerir því alvarlegar athugasemdir við það sem fram kemur í kafla 4.2 Greining valkosta í Matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1 er varðar að brugðist hefur verið við þeim athugasemdum sem bárust. Í kaflanum er farið ranglega með. Það rétta er að það hefur ekki verið brugðist við öllum athugasemdum. Umfjöllun vantaði um eitt af sveitarfélögunum og Valkostagreining hefur ekki verið uppfærð í samræmi við óskir umrædds sveitarfélags (sjá hjálagt skjal).	<p>Umfjöllun um framkvæmdina í valkostaskýrslu og matsáætlun er ekki skipt upp eftir sveitarfélögum, heldur fjallað um valkosti óháð því um hvaða sveitarfélög þeir liggja.</p> <p>Í valkostaskýrslu var unnið með hugmyndir að línuleiðum og þær hugmyndir sem þykja raunhæfar kynntar frekar í matsáætlun, sem lýsir hvaða valkosti er fyrirhugað að vinna með í umhverfismati. Í matsvinnunni verða þessar hugmyndir greindar frekar og lega valkosta útfærð, m.a. hvar þeir munu liggja um einstakar jarðir. Eðli málsins samkvæmt er því hvorki í valkostaskýrslu eða matsáætlun hægt að bregðast við athugasemdum sem varða nákvæma legu valkosta Holtavörðuheildarlínu 1 innan marka Skorradalshrepps.</p> <p>Nánari útfærsla á valkostum verður veigamikill þáttur í gerð umhverfismats Holtavörðuheildarlínu 1, sem m.a. byggir á athugasemdum sem þegar hafa komið fram. Í umhverfismatsskýrslu verður legu mismunandi valkosta um sveitarfélagið lýst. Þegar skýrslan verður kynnt mun Skorradalshreppur hafa tök á því að veita umsögn um þá valkosti sem metnir eru. Rétt er þó að árétta að í umhverfismati er ekki búið að verkanna línuleið til fulls og því er athugunarbelti hvers valkostar a.m.k. 300 m breitt og fást því samanburðarhæf gögn til að meta hvern valkost. Í kjölfar þess að umhverfismatsskýrsla verður lögð fram til kynningar verður endanleg útfærsla og hönnun aðalvalkostar Landsnets útfærð í samræði við viðkomandi landeigendur eins og hægt er, t.d. staðsetning mastra og lega slóða.</p>
4	Skorradalshreppur	Mikilvægt er að það sé einnig skoðað í matinu að Holtavörðuheildarlína 1 fari fyrir Hafnarfjall í staðinn fyrir að fara yfir Skarðsheiði og þann metin samfélagslegi ávinningur að því þar sem skapast tækifæri til að styrkja tengingu við svæðisbundið flutningskerfi eins og Snæfellsnes.	<p>Leið fyrir Hafnarfjall hefur ekki ávinning umfram leið yfir Skarðsheiði, báðar leiðir fara um vindasöm svæði og enda á svipuðum stað í Andakíl og er því sami samfélagslegi ávinningur með tilliti til tenginga við svæðisbundin flutningskerfi, líkt og Snæfellsnes. Leið fyrir Hafnarfjall er þar að auki lengri.</p> <p>Ákveðið hefur verið að samhliða umhverfismati Holtavörðuheildarlínu 1 fari af stað greining á því hvernig framtíðarfyrirkomulagi flutningskerfisins á svæðinu í kringum Vatnshamra verði háttað. Greiningunni er ekki lokið, en þó má segja á þessu stigi að leiðarval á Holtavörðuheildarlínu 1 á milli Klafastaða og nágrennis Vatnshamra, þ.e. hvort línan verður lögð fyrir Hafnarfjall eða samhliða núverandi línu yfir Skarðsheiði, hafi ekki áhrif á þætti eins og tengingu Snæfellsness við meginflutningskerfið.</p>

5	Skorradalshreppur	Í kafla 4.5 Hugmyndir valkosta sem ekki verða metnar í umhverfismati í Matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1 er ófullnægjandi umfjöllun að mati sveitarfélagsins um línuleið um Kjöl og ætti að vera einn af valkostum til umhverfismats. Holtavörðuheildarlína 1 er ný lína og verður mikilvægur hluti meginflutningskerfis raforku og tenging á milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar. Því er eðlilegast að hún fari styðstu leið um Kjöl. Núverandi byggðalínu er ætlað að taka við endurnýjanlegri orkuframleiðslu, en ekki Holtavörðuheildarlínu 1. Því væri eðlilegast að núverandi byggðalína yrði endurbyggð og lagfærð til samræmis við breytta notkun. Þannig gæti hún bætt og styrkt tengipunkta við svæðisbundin flutningskerfi með aukinni flutningsgetu línu frá Hvalfirði og norður að Blönduvirkjun og mun áfram geta þjónað landshlutanum. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að bæði Skarðsheiðin og Holtavörðuheidi er hálendi. Þingsályktunartillögur ættu því ekki, hvað varðar „hálendishugtakið“ að koma í veg fyrir að lagnaleið yfir Kjöl væri skoðuð.	Línuleið um Kjöl uppfyllir ekki markmið Landsnets um framtíðarþróun meginflutningskerfisins. Lína á milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar myndi sneiða hjá Vesturlandi, Vestfjörðum, ásamt hluta af Norðurlandi vestra og minnka möguleika á að auka afhendingaröryggi, og á að tengja nýja notendur og framleiðendur orku við kerfið. Í áformum um styrkingu meginflutningskerfisins er gert ráð fyrir að nýr afhendingarstaður á Holtavörðuheidi verði lykilpunktur fyrir orkuafhendingu og tengingu nýrra orkuframleiðslueininga við kerfið, m.a. þegar horft er til orkuframleiðslu og/eða raforkunotkunar á Vesturlandi og Vestfjörðum. Núverandi 132 kV línakerfi hefur takmarkaða flutningsgetu og mun ekki ná að þjóna því hlutverki sem nokkru nemur og kemur því ekki í stað nýrrar 220 kV línu. Eldri línur geta samt sem áður þjónað hlutverki í tengingu svæðisbundinna flutningskerfa við meginflutningskerfið auk þess að tengja minni notendur og orkuframleiðendur við kerfið eftir því sem þörf verður á. Framangreind kerfisleg staða fyrirhugaðrar línu ræður meiru um þá niðurstöðu að leggja ekki mat á valkost um Kjöl, heldur en þingsályktunartillögur sem vísað er til. Sjá nánar svör við leið um Kjöl í töflu 2.3 í Valkostaskýrslu Landsnets. <sup>1</sup>
<b>Kafli 5.1</b>		<b>Efnisatriði: Loftlína</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
6	Borgarbyggð	Borgarbyggð óskar eftir að fram komi upplýsingar um hversu mikið land er undir helgunarsvæði núverandi línu og hversu stórt helgunarsvæðið verður með nýrri línu og hvaða landgerðir falla þar undir.	Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um helgunarsvæði nýrrar línu og þeirrar sem fyrir er í kafla um helstu framkvæmdaþætti og einkenni þeirra. Í kafla um áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á mismunandi gerðir landbúnaðarlands, m.a. vegna helgunarsvæðis raflína.
7	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	Sérstaklega þarf að huga að gæðum yfirborðsmeðhöndlunar á möstrum þannig að efni veðrist ekki ofan í jarðveginn eins og dæmi eru um frá höfuðborgarsvæðinu.	Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um veðrun mastra og mögulega sinkmengun vegna hennar. Mengun vegna veðrunar er sérstaklega mikilvægt viðfangsefni ef háspennulína fer um grannsvæði vatnsverndar, sem ekki á við í tilfelli Holtavörðuheildarlínu 1. Jafnframt er sinkmengun talin geta skaðað mosa, en um það verður fjallað í mati framkvæmdarinnar á gróður.
<b>Kafli 5.3</b>		<b>Efnisatriði: Jarðstrengir</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
8	Hvalfjarðarsveit	Eins og fram kemur í skýrslunni þá er meira svigrúm á suðvesturhorninu en annars staðar á línuleiðinni til jarðstrengslagna þar sem flutningskerfið er sterkara. Jafnframt segir að fyrir liggja greiningar sem sýni fram á að möguleikar til jarðstrengslagna á allri leiðinni séu 3-4 km miðað við ástand kerfisins. Óskar USNL-nefnd eftir því að fá nánari upplýsingar um hvar þessi 3-4 km kaflar sé á línuleiðinni. Hvalfjarðarsveit hefur áður bent á að fari línan nýja leið frá Klafastöðum og upp fyrir þjóðveg 47 þá verði hún sett í jörð þar.	Greining á raforkukerfinu leiðir í ljós að hámarks lengd 220 kV jarðstrengja á allri leiðinni milli Klafastaða og Blöndu er mjög takmörkuð, eða alls um 3-4 km og staðsetning strengs á línuleiðinni hefur ekki áhrif. Meiri ávinningur felst í að setja lágspennitari línur í jörðu því slíkar línur er hægt að leggja á lengri köflum í jörð. Sjá nánar í kafla 4.1.2, 4.1.3 og 4.3.2 í matsáætlun, þar sem m.a. er fjallað um stefnumörkun stjórnvalda um flutningskerfi raforku og viðmið sem Landsnet horfir m.a. til við ákvörðun um mat á jarðstrengjum.
<b>Kafli 5.4</b>		<b>Efnisatriði: Efnistaka</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
9	Hafrannsóknastofnun	Þau áhrif sem snerta starfssvið Hafrannsóknastofnunar lúta að lífríki í vatni. Þar verða væntanlega mestu neikvæðu áhrifin vegna lagningu vega og efnistöku vegna þeirra sem og við gerð undirstaða undir möstur. Mikilvægt er að leitað verði allra leiða til uppfylla efnisþörf utan árfarvega eftir því sem kostur er	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
10	Náttúrufræðistofnun Íslands	Í umfjöllun um efnistökusvæði þarf að gera grein fyrir gerð efnisnáma s.s. jarðmyndun og setgerð. Áætla þarf efnisþörf úr hverri námu eins og hægt er.	Í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir efnisnánum og áætlaðri efnisþörf úr námum. Sjá kafla 5.4 í matsáætlun.

<sup>1</sup> Landsnet 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheildarlína 1: <https://landsnet.is/library?itemid=b52b9adc-7953-4152-a0c6-09b55773c715>

11	Skorradalshreppur	Í kafla 5.4 Efnistaka á mynd 5.9 í Matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1 eru sýndir þeir efnistökuastaði sem eru innan við 10 km fjarlægðar frá núverandi línunum Landsnets. Þrír efnistökuastaðir eru sýndir á myndinni sem eru innan sveitarfélagamarka Skorradalshrepps. Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins eru þeir merktir nr. 3, 6 og 7 á sveitarfélaguuppdrætti aðalskipulags. Efnistökuastaður nr. 3 er í árósum Álfsteinsár í inntakslóni Andakílsárvirkjunar og er áætlaður 4 ha að stærð, nr. 6 er áætlaður 0,3 ha að stærð og 7 er áætlaður 0,2 ha að stærð. Þeir eru báðir í Álfsteinsá. Umræddir efnistökuastaðir eru í flokki 1 sem þýðir að þeir eru í árfarvegi og dýpt efnistökusvæðis má ekki vera meiri en 1 m (m.v. yfirborð meðalrennslis). Sveitarfélagið gerir kröfur um að efnistaka sé hluti umhverfismatsins. Efnistaka er framkvæmdaleyfisskyld.	Eins og fram kemur í matsáætlun (kafla 5.4) verður gerð könnun þar sem skoðaðar eru námur í nágrenni framkvæmdarinnar sem eru á aðalskipulagi sveitarfélaga, auk þess sem metnir verða möguleikar á nýjum efnistökuastaðum. Fjallað verður um efnistökuáætlun í umhverfismatsskýrslu.
<b>Kafla 6 Efnisatriði: Verndarsvæði</b>			
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
12	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	Vegna vinnu innan vatnsverndarsvæða er mikilvægt gert verði áhættumat vegna hugsanlegrar mengunar af framkvæmdinni og að það sé borið undir heilbrigðiseftirlitið áður en til framkvæmda kemur. Í því sambandi ættu tæki að vera lekaskoðuð með tilliti til olíuleka þar sem unnið er innan og við vatnsverndarsvæði.	Holtavörðuheildarlína 1 mun liggja um fjarsvæði vatnsverndar á Skarðsheiði, en framkvæmdin er að öðru leyti áætluð fjarri vatnsverndarsvæðum (mynd 6.1 í matsáætlun). Í umhverfismatsskýrslu verður því ekki fjallað sérstaklega um áhrif framkvæmdarinnar á vatnsvernd. Þegar að framkvæmdum á Skarðsheiði kemur mun Landsnet gera áhættugreiningu og áætlun um verklag á framkvæmdatíma vegna hugsanlegrar mengunar af framkvæmdinni á fjarsvæði vatnsverndar.
13	Hvalfjarðarsveit	Í kafla 6 um verndarsvæði, vil USNL-nefnd benda á að uppfæra mætti mynd 6.1 út frá forsendum friðlýsinga í Hvalfjarðarsveit. Grunnafjörður var friðlýstur árið 1994 sem friðland. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda landslag og lífríki svæðisins, sér í lagi fuglalíf sem er mjög auðugt. Stærð svæðisins er tæpir 1400 hektarar. Árið 1996 var svæðið samþykkt sem Ramsar svæði og hefur því verið verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi. Þá eru í nágrenni framkvæmdasvæðisins vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr. náttúruverndarlaga eins og votlendi, stöðuvötn og tjarnir.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
14	Landgræðsla ríkisins	Landgræðslan vill koma á framfæri ábendingu um að landgræðslusvæði séu höfð til hliðsjónar við matið þar sem við á. Einnig, að í vissum tilvikum og á vissum svæðum er Landgræðslan umráðandi lands og ætti sem slíkur að vera talinn upp sem hagsmunaaðili. Jafnframt sé gætt sérstaklega að votlendi en votlendi nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.  Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við matsáætlun fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.	Í umhverfismatsskýrslu verður grein fyrir landgræðslusvæðum samanber Landgræðsluvefsjá Landgræðslunnar.  Landsnet þakkar ábendingar um þær upplýsingar sem Landgræðslan getur mögulega veitt við frekari undirbúning verksins.
15	Náttúrufræðistofnun Íslands	Jákvætt er að tekið verði tillit til verndargildis ferskvatnsvistgerða. Skoða þarf sérstaklega hvort kaldar eða heitar uppsprettur séu á línuleiðinni sem gætu orðið fyrir raski.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um verndarsvæði og þau náttúrufræðisvæði á áhrifasvæði Holtavörðuheildarlínu 1 sem falla undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar á einstök verndarákvæði náttúruverndarlaga s.s. heitar uppsprettur.
<b>Kafla 9.1 Efnisatriði: Jarðmyndanir</b>			
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
16	Hvalfjarðarsveit	Í tillögu greinargerðar nýs Aðalskipulags fyrir Hvalfjarðarsveit kemur fram að strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi sé svæði á náttúruminjasvæði með fagra strandlengju, fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir hverfisvernd fyrir jökulgarðana sunnan Blákolls og Eiðisvatn og stefnt er að endurheimt votlendis og að á svæðinu verði skapaðar góðar aðstæður fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni og að fuglalíf verði auðugt.  Jökulagarðarnir sunnan Blákolls í landi Fiskilækjar, Skorholts og Narfastaða eru umfangsmiklir og bera vitni um jarðfræðisögu svæðisins. Þessa jökulgarða skal varveita í sem heillegastri mynd. Líklega verða jökulgarðarnir ekki fyrir áhrifum af framkvæmdinni en UNSL-nefnd finnst rétt að benda á þessa jarðfræðilegu sérstöðu í nágrenni framkvæmdasvæðisins.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.

17	Náttúrufræðistofnun Íslands	Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi áætlað mat á einstökum umhverfisþáttum: Mikilvægt er að lagt sé mat á verndargildi jarðmyndana sem verða fyrir raski á línuleiðinni eða efnistökusvæðum. Þótt engar jarðmyndanir falli undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) um sérstaka verndun þá finnast m.a. ýmis ummerki um jöklunarsögu síðjökultíma í Borgarfirði og Hvalfjarðarsveit. Huga þarf að áhrifum á lághitasvæði við Hvítá og Reykjadalssá og meta þarf áhrif á fjölbreytilegar bergmyndanir á svæðinu sem og mögulega fundarstaði steingervinga. Skoða þarf samspil áhrifa á jarðmyndanir og landslag vandlega.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um staðhætti svo sem jarðfræði svæðisins og jarðsögu. Landslagsgreining og mat á gildi landslags byggir m.a. á fyrirbyggjandi upplýsingum um jarðmyndanir.
18	Náttúrufræðistofnun Íslands	Náttúrufræðistofnun vill benda á jarðfræðikort stofnunarinnar í 1:250.000 frá 1994 (blað 2) þar sem sjá má helstu drætti í berggrunni svæðisins. Hægt er að nálgast prentað kort hjá stofnuninni.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
<b>Kafli 9.2 Efnisatriði: Gróður</b>			
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
19	Náttúrufræðistofnun Íslands	Í kafla um gróður segir að framkvæmdin „geti“ skert gróður á framkvæmdasvæðinu. Náttúrufræðistofnun telur öruggt að gróður muni skerðast í töluverðum mæli, um það er enginn vafi enda um stóra framkvæmd að ræða.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
20	Náttúrufræðistofnun Íslands	Náttúrufræðistofnun vill benda á að í skýrslu stofnunarinnar „Framkvæmdaáætlun 2018: svæðaval og ávinningur verndar“ er fjallað um endurskoðun á verndargildi vistgerða. Skýrslan er aðgengileg hér: <a href="https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf">https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf</a> .	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
21	Náttúrufræðistofnun Íslands	Sérstaklega er fjallað um skógrækt í kafla 9.9 “Landbúnaður og skógrækt”. Náttúrufræðistofnun telur því ekki ástæðu til að horfa einnig til áhrifa á ræktaða skóga í gróðurmatinu.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
22	Náttúrufræðistofnun Íslands	Varðandi verndargildi einstakra plöntutegunda ber að minnast á nýlega auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Sjá hér: <a href="https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9ee5ca6c-c4f5-4263-a9b8-e34dc6fdd984">https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9ee5ca6c-c4f5-4263-a9b8-e34dc6fdd984</a>	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
<b>Kafli 9.3 Efnisatriði: Fuglar</b>			
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
23	Náttúrufræðistofnun Íslands	Til að leggja mat á áhrif áflugs er mikilvægt að tíðni athugana sé há. Ekki kemur fram hversu oft verður gengið meðfram núverandi háspennulínu nálægt búsvæðum blesgæsa í og við Andakíl, en til að matið sé marktækt ætti að endurtaka athuganir nægjanlega oft til að náð sé yfir aðalfartímann bæði að vori og hausti. Bent er á greinargerð sem Náttúrufræðistofnun vann fyrir Landsnet árið 2020 þar sem lagt er mat á aðferðir við rannsóknir á áflugi. Ekki er stefnt að því að meta áflug á öðrum mikilvægum fuglasvæðum á línuleiðinni en að mati Náttúrufræðistofnunar þyrfti að skoða áflugstíðni meðfram núverandi línu á Holtavörðuheidi þar sem bæði álfir og himbrimi verpa.	Á leið Holtavörðuheidarlínu 1 er helst að vænta blesgæsa við Hvanneyri. Í maí síðastliðnum, þegar megnið af blesgæsunum voru farnar til varpstöðva á Grænlandi, var gengið með línukafla næst Hvanneyri. Sami kafli verður genginn á ný í október eftir að blesgæsir hafa verið þar á ferð á leið sinni til vetrarsetu á Írlandi og Skotlandi. Auk blesgæsa sem mögulega fljúga á línur eru einnig skráðir aðrir fuglar sem vart verður við. Einnig verður gengið og leitað fugla á öðrum köflum núverandi línu. Kaflar sem ganga á verða valdir tilviljanakennt. Teknar verða saman upplýsingar um áflug GPS merktra gæsa og álfta á línur. Himbrimar sem verpa hér á landi eru fáir og litlar líkur eru á að finna þá á leið Holtavörðuheidarlínu 1. Öðru máli gegnir með álfir en það eru stórir fuglar sem auðvelt er að finna. Leitað verður sérstaklega að álfum með því að fljúga dróna meðfram núverandi línu á fyrirfram völdum köflum milli Hvalfjarðar og Holtavörðuheidar.
24	Hvalfjarðarsveit	Samkvæmt skýrslunni er talað um möguleg bein áhrif Holtavörðuheidarlínu 1 á fuglalíf og hætta er á áflugi fugla á loftlínuleiðara og rask og skerðing á búsvæðum fugla og óbein áhrif eru truflun á framkvæmdatíma. USNL-nefnd vill áréttta fjölbreytileika og mikilvægi fuglalífs í sveitarfélaginu, og ekki hvað síst á svæðinu í nágrenni framkvæmdasvæðisins eins og votlendissvæðinu umhverfis Hólmavatn og Eiðisvatn. Áflug skiptir mestu máli hvað fugla varðar og því mikilvægt að taka tillit til þess þegar línustæði er valin staðsetning. Vill USNL-nefnd benda á örninn í þessu sambandi, þar sem hann er í mikilli hættu á ferð sinni milli varp- og fæðistöðva. Einnig má nefna himbrima sem heldur til á svæðinu og verpir mögulega á og við Eiðisvatn, ásamt grágæs, álfir og öðrum öndum.	Vísað er í svar nr. 23 hér að ofan.

Kafli 9.4		Efnisatriði: Vatnalíf	
Nr	Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð Landsnets
25	Hafrannsóknastofnun	Almennt hafa háspennulínur, loftlínur, ekki teljandi áhrif á vatnalíf eða veiðinýtingu. Þar eru áhrif á framkvæmdatíma þó undanskilin. Ef um jarðstrengi er að ræða geta þveranir á haft staðbundin og tímabundin áhrif á lífríki í vatni. Mikilvægt er því að takmarka áhrif á vatn og velja þann framkvæmdatíma þar sem lífríki er minnst viðkvæmt fyrir. Einnig að almenn umgengni og frágangur sé góður.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
26	Hvalfjarðarsveit	Valkostir Holtavörðuheildarlínu 1 þvera nokkrar ár, líkt og þær háspennulínur sem nú liggja um svæðið milli Hvalfjarðar og Holtavörðuheildar. Í Hvalfjarðarsveit er um að ræða Laxá í Leirársveit. USNL-nefnd bendir á að bæta megi við umfjöllun um Hólmavatn, Kalmansá og Eiðisvatn.	Hafrannsóknastofnun mun meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnalíf. Álit sérfræðinga stofnunarinnar er að efnistaka í ám geti truflað vatnalíf neðan efnistökuastaða en á rekstrartíma hafi háspennulínur ekki áhrif þó þær liggi yfir vötn og ár. Vegna valkostar A-D, sem fer um Brennimeil, þarf að reisa mastur í hólmanum í Hólmavatni, sem gæti leitt til neikvæðra áhrifa á vatnalíf. Um það verður fjallað í umhverfismatskýrslu.
Kafli 9.5		Efnisatriði: Fornleifar	
Nr. svars	Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð Landsnets
27	Minjastofnun Íslands	Minjastofnun minnir á að í umhverfismatskýrslu þarf að sýna staðsetningu og útlínur fornleifa á korti/loftmynd ásamt legu línunnar, slóða, útlínum efnistökusvæða og staðsetningu tengivirkja og vinnubúða.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
Kafli 9.6		Efnisatriði: Ásýnd	
Nr	Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð Landsnets
28	Hvalfjarðarsveit	USNL-nefnd tekur undir með framkvæmdaraðila að gríðarlega mikilvægt er að vanda vel til þegar kemur að ásýnd og sjónrænum þáttum enda háspennulínur sýnileg mannvirki sem skerða mjög upplifun af landslagi. Mikilvægt að leggja fram áætlun um mótvægisáðgerðir og bæta fyrir neikvæð áhrif eins og framast er unnt. Á það bæði við um mannabústaði, útsýnisstaði, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi. Sama má segja um landslag því háspennulínur skerða sömuleiðis upplifun af landslagi.	Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um mótvægisáðgerðir vegna ásýndar Holtavörðuheildarlínu 1. Niðurstöður umhverfismatsins munu gefa vísendingar um hvort og hvar þörf er á mótvægisáðgerðum til þess að draga úr eða bæta fyrir möguleg neikvæð áhrif.
29	Skorradalshreppur	Eins og áður segir að þá er núverandi byggðalína í 600 m fjarlægð frá íbúðarhúsi Neðri Hrepps. Ekki liggir fyrir hvoru megin Holtavörðuheildarlína 1 mun rísa, en í ljósi þeirrar nálægðar sem íbúðarhúsið er við fyrirhugaða línu að þá ber að vanda vel landslagsgreiningu umhverfismatsins á þessu svæði og þá sérstaklega er varðar landslag/rýmismyndun og sjónræn áhrif framkvæmdarinnar.	Vísað er í kafla 9.6.3 í matsáætlun um rannsóknir og athuganir við greiningu á ásýnd línumannvirkja og kafla 9.7.3 varðandi greiningu og flokkun landslagheilda á leið Holtavörðuheildarlínu 1.
Kafli 9.7		Efnisatriði: Landslag	
Nr	Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð Landsnets
30	Skorradalshreppur	Í kafla 6.0 Verndarsvæði í Matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1 kemur fram að Andakíll er verndarsvæði blesgæsar og liggur vestan við fyrirhugaða Holtavörðuheildarlínu 1, en hluti Ramsar svæðis er innan sveitarfélagamarka Skorradalshrepps, þ.e. það svæði sem liggur vestan Borgarfjarðarbrautar (50). Holtavörðuheildarlína 1 er fyrirhuguð í um 300 m fjarlægð frá umræddu svæði. Sveitarfélagið bendir á að nálægð framkvæmdarinnar við svo mikilvægt svæði verði skoðuð sérstaklega í landslagsgreiningu umhverfismatsins og þá sérstaklega er varðar landslag og sjónræn áhrif.	Vísað er í kafla 9.7.3 í matsáætlun varðandi aðferðir við greiningu og flokkun landslagheilda á leið Holtavörðuheildarlínu 1. Í kafla 9.7.4 er lýst hvernig meta á áhrif framkvæmdarinnar á landslag.
31	Skorradalshreppur	Í kafla 9.7 Landslag í Matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1 er fjallað um aðferðarfræði landslagsgreiningar. Mikilvægt er að landslagsgreining og sú aðferðarfræði sem stuðst verði við varpi ljósi á þau landslagsgæði sem eru innan þeirra jarða sem framkvæmdin snertir og gerð grein fyrir hvar mestu umhverfisáhrifin eru af núverandi byggðalínu og Holtavörðuheildarlínu 1. Með landslagsgreiningu verði sýnt fram á, á faglegan hátt, hvar mögulega Holtavörðuheildarlínu 1 gæti verið að teknu tilliti til umhverfisáhrifa á landslag, menningarverðmæti og jarðrækt innan jarðanna.	Vísað er í kafla 9.7.3 í matsáætlun varðandi aðferðir við greiningu og flokkun landslagheilda á leið Holtavörðuheildarlínu 1. Í kafla 9.7.4 er lýst hvernig meta á áhrif framkvæmdarinnar á landslag.

<b>Kafli 9.8</b>			
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Efnisatriði: Ferðaþjónusta og útivist</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
		<b>Umsögn</b>	
32	Hvalfjarðarsveit	USNL-nefnd bendir á að uppfæra þarf mynd 9.1 varðandi ferðaþjónustu í Hvalfjarðarsveit. Inn á þá mynd vantar einnig útivistarsvæðið í Álfholtsskógi. Þá má gjarnan koma fram að vegurinn um Hvalfjörð er mikið nýttur til hjólríða. Þá vantar umfjöllun um hestamennsku og reiðvegi (fjallað er um göngu- hlaupaleiðir og hjólríðar). Þá er Hvalfjarðarsveit að leggja útivistarstig milli Melahverfis og Eiðisvatns. Mikilvægi Hvalfjarðarsveitar og svæðisins sem verður fyrir áhrifum af völdum línuleiðarinnar m.t.t. útivistar og ferðaþjónustu er mikið og alltaf að aukast.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna. Þessum upplýsingum verður komið áfram til rannsóknaraðila útivistar og ferðamennsku á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 1.
33	Skorradalshreppur	Í kafla 9.8.1 Núverandi staða og mögulegar breytingar í Matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1 er fjallað um gönguleiðir og í kafla 9.8.2 Fyrirliggjandi gögn er vísað í heimildir sem liggja til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Sveitarfélagið vill koma á framfæri að unnin voru kort og leiðarlýsing bæði af Hvalfjarðarhring og Skarðsheiðarhring sem gefin voru út af sveitarfélögunum Akraneskaupsstað, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppi og Skorradalshreppi. Umrædd kort eru ekki talin upp sem fyrirliggjandi gögn í matsáætlun og eru því hér með hjálögð. Óskað er eftir að þau verði höfð til hliðsjónar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er varðar þjóðleiðir og mikilvægar gönguleiðir innan framkvæmdasvæðis.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna. Umfjöllun í matsáætlun byggir á frumgreiningu sem unnin var af sérfræðingum Háskóla Íslands. Þessum upplýsingum verður komið áfram til rannsóknaraðila útivistar og ferðamennsku á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 1.
<b>Kafli 9.9</b>			
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Efnisatriði: Landbúnaður og skógrækt</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
		<b>Umsögn</b>	
34	Borgarbyggð	Borgarbyggð telur brýnt að horft verði til samlegðaráhrifa ekki eingöngu í ásýnd heldur einnig í fleiri þáttum t.d. hvað varðar nýtingu lands þar sem helgunarsvæði raflína stækkar mikið ef um er að ræða tvær samliggjandi línur.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um helgunarsvæði nýrrar línu og þeirrar sem fyrir er í kafla um helstu framkvæmdaþætti og einkenni þeirra. Í kafla um áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á mismunandi gerðir landbúnaðarlands, m.a. vegna helgunarsvæðis raflína.
35	Hvalfjarðarsveit	Valkostir Holtavörðuheiðarlínu 1 liggja um landbúnaðarland og víða nærri byggð. Einnig liggja línuvalkostir nálægt athafnasvæðum bújarða og yfir ræktunarsvæði í heimalöndum, beitarlönd og skipulögð skógræktarsvæði. Í Hvalfjarðarsveit er stundaður blómlegur og fjölbreyttur landbúnaður og leggur sveitarfélagið ríka áherslu á að áhrif á landbúnað séu metin bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Einnig að dregið sé eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum og bætt fyrir neikvæð áhrif með mótvægisáðgerðum.	Eins og fram kemur í kafla 9.9.3 í matsáætlun þá mun Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins meta möguleg áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað bæði á framkvæmda- og rekstrartíma.
<b>Kafli 9.11</b>			
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Efnisatriði: Heilsa</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
		<b>Umsögn</b>	
36	Borgarbyggð	Í umfjöllun um heilsu telur Borgarbyggð að skoða þurfi áhrif tengivirkja sem staðsett eru í nálægð við mannabústaði á heilsu fólks, hvort sem um er að ræða ný tengivirki eða núverandi.	Tengivirki sem Holtavörðuheiðarlína tengist eru við Klafastaði og á Holtavörðuheidi, sem eru ekki í nálægð við byggð. Línan fer nálægt Vatnshömrum og opið er á möguleikann að línan tengist þar síðar. Til lengri tíma litið þá stendur til að breyta öllum tengivirkjum Landnets í yfirbyggð tengivirki sem leiðir til þess að þau verða umfangsminni en tengivirki utandyra, ásýnd verður minni og hljóðvist verður betri. Geislavarnir ríkisins hafa mælt raf- og segulsvið í nágrenni við 29 spennistöðvar á höfuðborgarsvæðinu. <sup>2</sup> Hæsta gildi var 25% af viðmiðunarmörkum ICNIRP upp við vegg spennistöðvar. Afar litlar líkur eru á að styrkur segulsviðs fari yfir viðmiðunarmörkin.

<sup>2</sup> Rafsegulsvið við spennistöðvar – Skýrsla um mælingar við spennistöðvar, Geislavarnir ríkisins apríl 2021: <https://gr.is/wp-content/uploads/2021/04/GR2101-Skyrsla-um-maelingar-a-spennistodvum.pdf>

37	Hvalfjarðarsveit	<p>Fram kemur að loftlínur geta haft áhrif á hljóðvist næst þeim. Hljóð frá línunum er oftast veikt en stöku sinnum hærra. Það er af tveimur orsökum, annars vegar vegna vindgnauðs og hins vegar hljóðs af rafrænum uppruna. Í kringum leiðara raflínu skapast jafnframt rafsegulsvið sem er merkjanlegt næst línunni. Við loftlínur er einnig bæði raf- og segulsvið, sem minnkar þó hratt með aukinni fjarlægð frá línunum, og við jarðstrengi myndast segulsvið.</p> <p>Hvoru tveggja skerðir mjög lífsgæði fólks í nágrenni við háspennulínur og því leggur USNL-nefnd á mikilvægi þess að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á hljóðvist og raf- og segulsvið.</p>	<p>Eins og fram kemur í kafla 9.11.4 í matsáætlun verður í umhverfismatskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1 fjallað um hljóðvist og raf- og segulsvið við bæjarhús og frístundahús sem næst eru fyrirhugaðri línuleið. Niðurstöður verða bornar saman við viðmiðunarmörk í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og viðmið Evrópusambandsins fyrir hámark leyfilegs raf- og segulsviðs fyrir staði þar sem búast má við að fólk dvelji í umtalsverðan tíma. Í sama kafla kemur einnig fram að niðurstöður matsins munu gefa vísbendingar um hvort og þá hvar þörf er á mótvægisáðgerðum, til þess að draga úr, eða bæta fyrir möguleg neikvæð áhrif. Eftir atvikum verði fjallað um mótvægisáðgerðir í umhverfismatskýrslu.</p>
<b>Kafli 10 Efnisatriði: Skipulagsáætlanir</b>			
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
38	Borgarbyggð	<p>Í umfjöllun um aðalskipulag vill Borgarbyggð benda á að í kafla 4.5 Veitur í gildandi aðalskipulagi segir m.a. í umfjöllun um rafveitu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Stefnt skal að því að háspennulínur verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu; frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.</li> <li>- Helgunarsvæði 132 kV háspennulína sé 35-45 m í heildina.</li> <li>- Helgunarsvæði 220 kV háspennulína sé 65-85 m í heildina.</li> <li>- Gæta þarf að sjónrænum áhrifum háspennulína og –mastra.</li> <li>- Skógrækt sé ekki viðhöfð innan helgunarsvæða háspennulína.</li> </ul> <p>Áætluð framkvæmd er því ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Borgarbyggðar.</p>	<p>Frá því að Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 tók gildi hefur Alþingi sett stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og einnig hefur verið sett fram landsskipulagsstefna.</p> <p>Ljóst er að þegar sveitarfélög, ríki og innviðafyrirtæki vinna að áætlunum um framtíðaruppbyggingu þarf að veita og meta þarfir nánasta samfélags og almannahagsmuna í stærra samhengi. Holtavörðuheildarlína 1 var á Kerfisáætlun 2020-2029, sem er samþykkt af Orkustofnun sbr. kafla 2.1. í matsáætlun. Í kerfisáætlun er gert ráð fyrir að línan sé 220 kV lína og vegna tæknilegra takmarkana sé svigrúm til jarðstrengslagna mjög takmarkað. Á kerfisáætlunartigi liggur staðsetning línunnar ekki fyrir en í undirbúningi umhverfismats framkvæmdarinnar hefur verið unnin valkostagreining, sem liggur nú m.a. til grundvallar þeim valkostum sem lagðir eru fram í matsáætlun.</p> <p>Í raforkulögum þar sem m.a. er fjallað um hlutverk Landsnets er vísað til stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins. Þar kemur fram að meginreglan sé sú að notast skuli við loftlínur í meginflutningskerfinu, nema annað sé talið æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum, umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Í stefnunni eru tilgreind nokkur svæði þar sem bera skal saman loftlínur og jarðstrengi í meginflutningskerfinu, þar sem að teknu tilliti til ákveðinna kostnaðarforsendna og umhverfisháhrifa, getur komið til greina að víkja frá þeirri meginstefnu að byggja skuli tiltekinn kafla kerfisins sem loftlínur. Ekkert slíkt svæði er á fyrirhugaðri línuleið. Stefnan gefur hins vegar frekara tækifæri til jarðstrengslagna í lágspennntara kerfi (landshlutakerfinu).</p> <p>Í framangreindri stefnu stjórnvalda er einnig fjallað um landshlutakerfi raforku. Þar segir að í því kerfi skuli meginreglan vera sú að notast við jarðstrengi, að því gefnu að það sé tæknilega raunhæft og með tilliti til kostnaðar. Stefna stjórnvalda leggur því grunn að forgangsröðun þegar teknar eru ákvarðanir um hvenær jarðstrengur skuli vera fyrsti kostur við lagningu raflína og er þar horft til landshlutakerfisins. Áætlað er að samhliða umhverfismati á Holtavörðuheildarlínu 1 verði gerðar kerfisgreiningar til að skilgreina og tímasetja endurnýjun flutningsmannvirkja á áhrifasvæði línunnar. Þar verða skoðaðir möguleikar á að setja línur á lægri spennu í jörðu. Slíkar ráðstafanir munu draga úr sjónrænum áhrifum raflínumannvirkja.</p>



	Borgarbyggð (frh.)		<p>Í gildi eru íslensk lög um öryggi raforkuvirkja og hefur Neytendastofa opinbert eftirlit með því að þeim sé framfylgt. Samkvæmt reglugerð nr. 586/2004 skal skilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða svokallað helgunarsvæði meðfram háspennulínunum. Helgunarsvæði er einnig nefnt byggingarbannsvæði. Þetta er svæði meðfram háspennulínunum og háspennustrengjum og á þessu svæði er óheimilt að reisa mannvirki. Með öðrum orðum er svæðið „helgað“ háspennulínunum. Helgunarsvæði er mismunandi breitt en almennt gildir að því hærrí sem spennan er á rafkerfinu því breiðara er helgunarsvæði línunnar.</p> <p>Það er rétt að í gögnum Landsnets er ekki alltaf samræmi í því hversu breitt helgunarsvæði raflína er sagt vera. Það ræðst m.a. af því í hvaða tilgangi verið er að gefa upp þessi viðmið fyrir breidd helgunarsvæða. Fyrir óbyggðar línur er ekki hægt að gefa upp nákvæmt helgunarsvæði, sérstaklega ekki þegar þær eru á frumhönnunarstigi og er þá áætlað. Það ræðst að lokum af legu og landfræðilegum aðstæðum hversu breitt beltið verður.</p> <p>Landsnet hefur bent sveitarfélögum á að í aðalskipulagi, þar sem gera þarf grein fyrir takmörkunum á landnotkun m.t.t. helgunarsvæða raflína, sem unnin eru í grófum, skala sé æskilegt að helgunarsvæðið væri frekar rúmt og á bilinu 60-85 m. Sjá leiðbeiningar Landsnets, <i>Háspennulínur- aðgát skal höfð</i>.<sup>3</sup></p> <p>Nú liggur fyrir raunverulegt helgunarsvæði nýrra 220 kV lína á norðurlandi sem eru sambærilegar og áætluð Holtavörðuheidiarlína 1. Það er alla jafna minna og hefur farið í um 50 m breitt belti, 25 m til hvorrar handar. Stuðst hefur verið við það viðmið í samningum um landbætur í nýlegum samningum.</p> <p>Í umhverfismati og skýrslum og gögnum þeim tengdum, er miðað við frekar vítt belti, svipað því sem lagt er til að komi fram í aðalskipulagi. Það gefur þá til kynna mestu mögulegu áhrif sem orðið geta á landnotkun, en í ljósi reynslunnar verða þau að öllum líkindum minni í raun. Umhverfismatið á því ekki að draga upp betri mynd af áhrifunum en þau verða í raun. Í ljósi þessara ábendinga verður skerpt betur á þessum atriðum í umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Á forsamráðsfundi fulltrúa Landsnets og sveitarfélaga á línuleið Holtavörðuheidiarlínu 1, hjá Skipulagsstofnun þann 29. nóvember 2021, kom fram að misjafnt væri hvort unnið væri að endurskoðun aðalskipulags og ef svo væri þá væri misjafnt hversu langt sú vinna væri komin. Á þeim tímapunkti var ekki fyrir séð að mikil samlegð gæti orðið í skipulagsvinnu og vinnu Landsnets við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Landsnet væntir þess hins vegar að geta átt í góðu samtali við sveitarfélagið í þeirri málsmeðferð sem þarf að ljúka áður en til framkvæmda kemur, m.a. samræmi aðalvalkostar Landsnets og aðalskipulagáætlana sveitarfélaganna sem um ræðir. Landsnet telur mikilvægt, í kjölfar nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga, að kynna verkefnið fyrir sveitarstjórnnum og fara yfir þá málsmeðferð sem er framundan.</p>
39	Hvalfjarðarsveit	<p>Að lokum vill USNL-nefnd koma því á framfæri að sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur á 350. fundi sínum þann 26. apríl 2022 samþykkt að auglýsa Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 tekur við af Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Tillagan verður til kynningar til 22. Júní 2022. Í stefnu nýja Aðalskipulagsins segir m.a. að sem flestar háspennulínur verði settar í jörð og þar sem háspennulínur séu ofanjarðar verði leitast við að draga úr sýnileika þeirra. Þar kemur einnig fram varðandi lýsingu á Holtavörðuheidiarlínu að hún verði samsíða Vatnshamralínu 1 að mestu að nýlegu tengivirki á Grundartanga.</p>	<p>Landsnet þakkar ábendinguna. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um tillögu að Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.</p>

<sup>3</sup> Landsnet. Háspennulínur – aðgát skal höfð: <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

40	Skorradalshreppur	Í kafla 10.1.3 Aðalskipulag í Matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1 er yfirlit yfir aðalskipulagsáætlanir og stefnur þeirra er varðar lagningu nýrra áspennulína. Í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 er lögð fram stefna að: „Unnið verði að því að SU1 [Sultartangalína 1] verði aflögð, lögð samhliða SU3 [Sultartangalína 3], eða lögð í jörð, ef kemur til endurnýjunar á línunni.“ Í stefnunni kemur einnig fram að: „Núverandi háspennulínur draga úr náttúruupplifun fólks og gildi svæðisins vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa.“ Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 og í ljósi ofangreindrar stefnu sveitarfélagsins er þörf á breytingu aðalskipulags með tilkomu Holtavörðuheildarlínu 1. Enn fremur kemur fram í stefnu Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010-2022 að: „Semja skal við landeigendur um helgunarsvæði nýrra rafveitna en einnig skal stefnt að samningum um eldri línur.“ Þetta þýðir að ný Holtavörðuheildarlína 1 getur ekki komið inn á aðalskipulag fyrr en það er búið að semja við landeigendur um helgunarsvæði og eins lagnaleið. Þarna yrði helgunarsvæðið hnitsett og jafnvel gefið sér landnúmer, sem eigandi línunnar þyrfti að greiða af hugsanlega leigu til landeiganda og fasteignaskatt til sveitarfélagsins, þar sem hann yrði umráðandi landsins.	Þegar niðurstöður umhverfismats verða kynntar í umhverfismatsskýrslu, verður aðalvalkostur framkvæmdarinnar lagður fram. Í kjölfar álits Skipulagsstofnunar fara ýmsir ferlar af stað. Þeir felast í viðræðum við landeigendur, þar sem aðalvalkostur fer um, samhliða endanlegri verkhönnun framkvæmdarinnar, samtali við sveitarstjórnir um breytingar á aðalskipulagi, samningaviðræður við landeigendur um landbætur vegna framkvæmdarinnar og framkvæmdaleyfisumsóknir til sveitarfélaga. Fyrirséð er að málsmeðferð þessara ferla munu að einhverju leyti skarast og á þessu stigi er erfitt að segja nákvæmlega til um hvernig tímalínur þeirra leggjast.
<b>Kafli 11</b>		<b>Efnisatriði: Eignarhald</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
41	Skorradalshreppur	Gera þarf ráð fyrir að Holtavörðuheildarlínu 1 geti verið einkavædd líkt og fór með fjarskiptainnviði Símann og Mílu og ber því að meta samfélagslega þörf línunnar. Nauðsynlegt er að við framsal línunnar skapist samningsstaða þannig að landeigendur geti fengið línuna fjarlægða eða samið um leigugjald ef upp kemur slík staða. Miklar breytingar eru nú um stundir í orkugeiranum og þau heimili og fyrirtæki sem gamla byggðalínan þjónaði gætu í framtíðinni sparað orku verulega og/eða nýtt sér aðra orkugjafa nær sér. Við þannig aðstæður er líklegt að þessi nýja lína þjóni fyrst og fremst iðnaði sem ekki telst samfélagslega nauðsynlegur, svo sem gagnver o.fl. Í framhaldinu getur orðið erfitt að rökstyðja eignarhald ríkisins á þessu mannvirki. Má þannig benda á að þjóðaröryggisráð komst nýlega að þeirri niðurstöðu að fjarskiptanet Mílu væri ekki samfélagslega mikilvægt.	Umfjöllun, umfang gagna og málsmeðferð umhverfismats einstakra framkvæmda grundvallast á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2020 og reglugerð nr.1381/2021. Samningar og bætur við landeigendur grundvallast á öðrum lögum og mun Landsnet þegar umhverfismati er lokið hefja þá málsmeðferð á þeim lagagrunni og er ekki viðfangsefni í mati á umhverfisáhrifum.
42	Skorradalshreppur	Enn fremur er fremur kaldhæðin staðreynd að þrátt fyrir að megnið af raforku sé flutt úr dreifbýli um dreifbýli bótalítið, þá þurfa dreifbýlisbúar að greiða hærra flutningsgjald fyrir raforku en þeir sem búa á stöðum sem eru skilgreind sem þéttbýli.	Flutningsgjald er það sama um allt land. Landsnet er með tvær gjaldskrár. Eina fyrir stórnotendur og aðra fyrir dreifiveitur og eru þær báðar óháðar staðsetningu. Líklega er hér verið að vísa til gjaldskráa dreifiveitna sem eru ekki á forræði Landsnets.
<b>Kafli 12</b>		<b>Efnisatriði: Leyfi</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
43	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	Þeir þættir sem heilbrigðiseftirlitið hefur umsjón með eru einkum; vatnsverndarsvæði, meðferð spilliefna á borð við olíu og olíutanka, vinnubúðir og fráveita frá þeim, malar og grjótnám, verkstæðisaðstaða sem snertir vinnuvélar, meðferð sorps og annars úrgangs m.a. olíuúrgangs. Óskað er eftir að matsskýrsla fjalli nánar um framangreinda þætti m.a. um möguleg áhrif slóðagerðar og efnistöku á vatnsból, leyfisveitingar og kröfur til verktaka sem snúa að ofangreindum þáttum. Umfjöllun verði um hvernig dregið verið úr mengunaráhættu og sömuleiðis um frágang í lok framkvæmda m.a. á efnistökusvæðum.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um þá þætti sem Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra tilgreinir, þ.m.t. möguleg áhrif slóðagerðar og efnistöku á vatnsból, um leyfisveitingar sem og kröfur til verktaka er snúa að þessum þáttum. Fjallað verður um hvernig dregið verður úr hættu á mengun og um frágang í verklok.
44	Skorradalshreppur	Holtavörðuheildarlína 1 er matsskyld framkvæmd samkvæmt liðum 2.02 og 10.15 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru ávallt háðar framkvæmdaleyfi. Hægt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags án deiliskipulagsgerðar eða grenndarkynningar, ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi. Að öðrum kosti kallar veiting framkvæmdaleyfis á að jafnframt liggi fyrir deiliskipulag af viðkomandi svæði. Í þeim tilvikum sem veiting framkvæmdaleyfis kallar á gerð deiliskipulags getur hreppsnefnd þó veitt framkvæmdaleyfi án deiliskipulagsgerðar að undangenginni grenndarkynningu sé framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag hvað varðar landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Sótt er um framkvæmdaleyfi hjá skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar skal vera í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.

Kafli 13		Efnisatriði: Samráð	
Nr	Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð Landsnets
45	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	Vakin er athygli á að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra fer með eftirlit og stjórnslu í Húnaþingi vestra en ekki Heilbrigðiseftirlit Húnaþings vestra eins og skilja má sbr. bls. 55 í matsáætluninni.	Um misritun er að ræða í matsáætlun og þakkað er fyrir ábendinguna.
46	Skorradalshreppur	Skipulags- og byggingarnefnd vill lýsa furðu sinni á tímasetningu framlagnar Matsáætlunar Holtavörðuheidarlínu 1. Á fjögurra ára fresti má segja að sveitarfélög séu á vissan hátt lömuð vegna kosninga. Valdaskipti eiga sér stað og sveitarstjórnir og nefndir láta af störfum og afhenda valdið til ný kjörinna fulltrúa. Reikna má með að valdaskipti taki að lágmarki einn mánuð. Landnet hefur valið að leggja fram Matsáætlun framkvæmdar sem er afar stór og viðamikil á nákvæmlega þessum tímapunkti, þ.e. 10. maí sl. Þá er skipulags- og byggingarnefndir sveitarfélaganna flestar búnar að halda sinn síðasta fund á kjörtímabilinu og hafa ekki tök á að fjalla um málið og leggja fram sína umsögn.	Undirbúningur mats á umhverfisáhrifum framkvæmda Landsnet er langur og ljóst að tímasetning framlagningar matsáætlunar getur hverju sinni ýmist verið hentug eða óhentug fyrir hagsmunaaðila á línuleið, þá bæði sveitarstjórnir og landeigendur. Haft var samband við sveitarfélögin og þeim bent á möguleika á að fá lengri frest vegna aðstæðna sem skapast vegna sveitarstjórnarkosninga og einhver þeirra nýttu sér það.
47	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun vill benda á að skoða þurfi hvernig best verði að koma fyrir línu og Hringvegi 1 ef Vegagerðin ákveður að færa veginn vestur fyrir Bláhæð í stað þess að fara yfir hæðina eins og nú er gert.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna. Haft verður samráð við Vegagerðina.
48	Vegagerðin	Vegagerðin óskar eftir að framkvæmdaraðili verði í samráði við Vegagerðina varðandi þá þætti sem þurfa að koma fram er varðar nálægð fyrirhugaðar línu við Hringveg sem liggur yfir Holtavörðuheidi og aðra vegi sem eru umsjón Vegagerðarinnar. Einnig að lögð verði áhersla á að staurar innan veghelgunarsvæðis eða öryggissvæðis verði með þeim hætti að umferð stafi ekki hætta af. Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.	Landsnet þakkar fyrir ábendingarnar. Haft verður samráð við Vegagerðina.

Tafla 2. Umsagnir frá öðrum aðilum um matsáætlun Holtavörðuheidarlínu 1.

Kafli 2		Efnisatriði: Forsendur og markmið	Viðbrögð Landsnets
Nr	Umsagnaraðili	Umsögn	
1	Bjarni Jónsson og Eyjólfur Jónsson, Vestra-Miðfelli og Hlíð	<p>Eins og fulltrúar Landsnets hafa komið inn á þá er núverandi byggðalína orðin um 50 ára, úrelt, barn síns tíma og þarfnast endurnýjunar.</p> <p>Sama á við um allt í kring um línuna, staðsetningin hentar alls ekki miðað við núverandi landnýtingu sem hefur gjörbreyst á tímabilinu, framtíðar landnýtingu sem allt bendir til að núverandi þróun haldi áfram. Línan setur kvöð á landið til ókominna ára og áratuga. Línustæðið hentar heldur ekki miðað við þá breytingu á verðmæti landsins sem orðið hefur, breyttar kröfur um lífsgæði og lífsstíl þess fólks sem á svæðinu býr og mun dvelja og búa í framtíðinni, breytt eignarhald, hagsmuni landeigenda, stofnaða og fyrirtækja og svo má lengi telja.</p> <p>Út frá ofangreindu þarf að tryggja að línur sem þessar liggja ekki í gegn um þéttar byggðir, frístunda-, útivistar- og tómstundasvæði heldur þar sem fæstir eru dags daglega og valdi sem minnstum óþægindum og skerði sem minnst hagsmuni og lífsgæði fólks.</p> <p>Á byggingatíma núverandi línu var byggð strjálí og lífsafkoma flestra íbúa sveitanna byggðist á hefðbundnum búskap með tilheyrandi landnýtingu og stærsta hagsmunamálið varðandi línustæðið var að möstrin lentu ekki hvar sem var í túnnum til að heyfengur minnkaði ekki., yllu sem minnstum óþægindum við nýtingu túnanna sem og þau yrði ekki fyrir við stækkun túna né gerð annarra ræktarsvæða.</p> <p>Í dag hefur þetta snúist alveg við, mjög hefur fjölgað þeim sem búa í sveitunum og frístundabúsvæði hafa stækkað þar sem margir dvelja öllum sínum frístundum. Fæstir sem í sveitunum búa lifa af hefðbundnum landbúnaði heldur margskonar þjónustustörfum, s.s. beinni og óbeinni þjónustu við ferðafólk, þjónustu við frístunda- og útivistarsvæði og o.s.frv. Einnig býr þar fjöldi fólks sem sækir atvinnu annað, jafnvel langar leiðir en býr þar til að njóta friðsældar og heilnæmis sveitanna.</p> <p>Þeir sem byggja sér frístundaaðstöðu og þeir sem vilja stunda útivist ýmiskonar t.d. veiðar, golf, hestamennsku og aðra afþreyingu úti í guðsgrænni náttúrunni, í kyrrð, ró og heilnæmi sveitanna, hefur fjölgað og það er ekki aðlaðandi að hafa rafmagnslínu né aðra sjón- eða hljóðmengun nærri sér. Fólk er farið að huga meira að heilsu og líðan og sækist ekki í svæði þar sem áhætta er tekin af suðandi rafmagnslínum, segulsviði, sjónmengun og öðrum óþægindum frá þeim.</p> <p>Fram hefur komið að þeir sem eru nálægt háspennulínunum verði varir við truflanir frá þeim á fjarskiptabúnaði ásamt ofangreindum óþægindum. Margt af þessu er ósannað en fólk velur að vera fjær línunum ef það á þess kost.</p> <p>Allt ofangreint tengist lífsafkomu þeirra sem á landsbyggðinni búa sem skerðist klárlega með áformaðri lagnaleið. Skerðir einnig vermæti eigna þeirra sem nú þegar hafa komið sér upp íbúðar-frístunda- eða annarri aðstöðu til notkunar.</p> <p>Í okkar tilfelli er nú þegar búið að skipuleggja frístundalóðir við og undir fyrirhuguðu línustæði og gerir helgunarsvæði línunnar fyrirhugaða trjárækt á lóðinni útilokaða og jafnvel byggingu hússins sjálfs sem og gerir nærliggjandi lóðir lítt spennandi ásamt því að útiloka eða skerða fyrirhugað og áframhaldandi landnotkun í sama tilgangi. Hvergi er getið um ferðaþjónustu þá sem rekin er í Hlíð sem er með einni af elstu ferðaþjónustum sveitarfélagsins.</p> <p>Í markmiðum með línulögninni er mikið lagt upp úr umhverfisáhrifum, að hafa samráð við landeigendur með því að bæta samtali við þá og ná sátt við samfélagið. Þar kemur einnig fram „þá þarf leiðarvalið að taka mið af núverandi og fyrirhugaðri landnotkun“. Samanber áður upptalið þá er augljóst að landnýting hefur gjörbreyst frá því að gömlu línunni var valið lagnastæði og á klárlega eftir að breytast enn frekar í framtíðinni.</p>	<p>Í umhverfismati verður fjallað um hvernig valkostir samræmast gildandi skipulagsáætlunum, t.d. varðandi frístundabyggð. Lagt verður mat á sjónræn áhrif línukosta og hvar á línuleiðinni sjónrænn ávinningur og annar ávinningur verður mestur af því að annað hvort samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Auk þess verður lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar á heilsu og öryggi, landbúnað og skógrækt og einnig á ferðaþjónustu og útivist.</p>

2	Jón F. Jónsson, Vindheimum	Ég leyfir mér að minna á að núverandi lína er að vera 50 ára gömul og er talin í öllum skýrslum komin að endurnýjun að sögn eigenda. Í mínum huga er endurnýjun að fjarlægja það sem fyrir er og setja nýtt í staðinn, annars væri þetta viðbót.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna og telur fullt tilefni til að vanda orðalag þegar kemur að umfjöllun um þessa þætti við undirbúning framkvæmda fyrirtækisins. Mikilvægt er að ekki skapist misskilningur við notkun hugtaka, eins og t.d. hugtakið “endurnýjun”. Landsnet er meðvitað um að í áætlunum og gögnum fyrirtækisins þarf að gæta betur að því að skýrt sé hvað átt sé við þegar talað er um “endurnýjun línu”, þ.e. hvort um er að ræða breytingar/uppfærslur á eldri línunum eða byggingu nýrrar línu sem tekur yfir hlutverk eldri línu, að hluta eða öllu leyti, þar sem eldri lína getur verið rekin áfram samhliða. Áætlun um Holtavörðuheidiarlínu 1 byggir á samþykktu Kerfisáætlun 2020-2029. Í þessari 10 ára áætlun er m.a. gert ráð fyrir byggingu <b>nýrrar</b> 220 kV línu milli Hvalfjarðar og Holtavörðuheidiar, þ.e. Holtavörðuheidiarlína 1. Hún er hluti af uppbyggingu nýrrar kynslóðar byggðalínu, sem ætlunin er að byggja sem 220 kV línur hring um landið. Fyrsti hluti þessarar <b>nýju</b> byggðalínu gerir ráð fyrir samfelldri 220 kV tengingu milli frá Hvalfirði norður fyrir land og að Fljótsdal. Í þessu samhengi hefur stundum verið talað um “endurnýjun” byggðalínunnar, sem er hugtak sem eðlilega getur valdið misskilningi. Þar er verið að vísa til þess að „endurnýjunin“ felist í því að nýja línan taki við hlutverki lágspennitari línu sem er til staðar í dag, án þess að hlutverk gömlu byggðalínunnar liggi fyrir að svo stöddu.
3	Örn Þorvaldsson	Landsnet hefur nú þegar slæmt orð á sér ekki síst fyrir ágengni varðandi Blöndulínu 3 og Suðurnesjalínu 2 auk sofandaháttar varðandi varalínur til byggðarlaganna á Norðurlandi. Það mun ekki lagast ef fyrirtækið ætlar sér að þrýsta í gegn Holtavörðuheidiarlínu 1 og síðan annarri (ónefndri) línu þaðan og til Hrutatungu, og þaðan enn annarri (ónefndri) línu alla leið til Blönduvirkjunar. Allt eru þetta óþarfar línur sem munu rýra ásýnd Ísland og náttúru landsins til næstu 70 - 100 ára! Um leið munu þær rýra verulega lífsgæði landsmanna og þeirra sem um landið ferðast, allt er þetta á ábyrgð Landsnets!	Ekki er gert ráð fyrir nýrri línu á milli Holtavörðuheidiar og Hrutatungu, heldur að Hrutatungulína 1 verði tengd inn á tengivirkni á Holtavörðuheidi og mun hún þjóna sem tenging á milli þessara tveggja tengivirkja. Hins vegar er gert ráð fyrir nýrri línu á milli á Holtavörðuheidiar og Blöndustöðvar sem kölluð er Holtavörðuheidiarlína 3. Hafinn er undirbúningur að byggingu þeirrar línu.
4	Magnús Skúlason, Norðtungu	Algerlega óljóst er hver örlög gömlu línunnar verða, því þó notað sé orðalagið að hún skuli með þessari framkvæmd endurnýjast, að hún sé gömul og afskrifuð o.fl, þá er slegið úr og í, í ræðu og riti, m.a. á opinberum kynningarfundum hvort hún standi, eða fari og hvort eða hvaða hlutverk hún muni hafa.	Fjallað er um endurnýjun byggðalínu í Kerfisáætlun Landsnets. Orðið endurnýjun er notað í kerfisáætlun þegar ný lína er gerð. Það þýðir ekki endilega að eldri línan fari, hún getur fengið nýtt hlutverk í flutningskerfinu. Sjá nánar svar nr. 2.
5	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Að okkar mati er matsáætlunin ekki tæk til umfjöllunar í núverandi mynd. Fyrir því liggja margar ástæður en aðallega að: 1) Þó standi skýrum stöfum í skýrslunni sjálfri að aðalvandamálið sé flutningur rafmagns milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar er ekki tekinn til athugunar valkostur línu þar á milli sem er styttri og raskar búsetu og ræktun mun minna, þ.e. yfir Kjöl 2) Algerlega óljóst hver örlög gömlu línunnar verða, því þó notað sé orðalagið að hún skuli með þessari framkvæmd endurnýjast, að hún sé gömul og afskrifuð o.fl, þá er slegið úr og í, í ræðu og riti, m.a. á opinberum kynningarfundum hvort hún standi, eða fari og hvort eða hvaða hlutverk hún muni hafa. 3) Samfélagsleg nauðsyn nýrrar línu er mjög óljós eins og bent hefur verið á í erindi undirritaðra um valkostagreiningu (sjá fylgiskjal 1), m.a. hefur framkvæmdastjóri Landverndar þann 2. júní 2022 ritað grein í Fréttablaðið, sjá <a href="https://www.frettabladid.is/skodun/fyrir-hvern-starfar-landsvirkjun/">https://www.frettabladid.is/skodun/fyrir-hvern-starfar-landsvirkjun/</a> að raforkuframléiðsla Landsvirkjunar er að lang mestu leiti í þágu stóriðju og gagnavera. Ólíklegt er að slík starfsemi alþjóðlegra stórfyrirtækja sem litla skatta greiða í vestrænum löndum verði talin samfélagslega mikilvæg þegar fram líða stundir. Þetta leiðir þá líklega til þess að línan sem fyrirhugað er að byggja verður einnig framseld erlendum stórfyrirtækjum, og er þess ekki lengi að bíða ef marka má örlög MÍLU sem Þjóðaröryggisráð komst nýlega að væri ekki samfélagslega mikilvægir innviðir. Það er þannig óþolandi að blandað sé saman raunverulegum samfélagslegum hagsmunum og hagsmunum stóriðju erlendra stórfyrirtækja. Algerlega er sneitt hjá þessari umfjöllun í matsáætluninni.	1) Línuleið um Kjöl uppfyllir ekki markmið Landsnets um framtíðarþróun meginflutningskerfisins. Lína á milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar myndi sneiða hjá Vesturlandi, Vestfjörðum, ásamt hluta af Norðurlandi vestra og minnka möguleika á að auka afhendingaröryggi, og á að tengja nýja notendur og framleiðendur orku við kerfið. Í áformum um styrkingu meginflutningskerfisins er gert ráð fyrir að nýr afhendingarstaður á Holtavörðuheidi verði lykilstær fyrir orkuafhendingu og tengingu nýrra orkuframleiðslueininga við kerfið, m.a. þegar horft er til orkuframleiðslu og/eða raforkunotkunar á Vesturlandi og Vestfjörðum. Núverandi 132 kV línukerfi hefur takmarkaða flutningsgetu og mun ekki ná að þjóna því hlutverki sem nokkru nemur og kemur því ekki í stað nýrrar 220 kV línu. Eldri línur geta samt sem áður þjónað hlutverki í tengingu svæðisbundinna flutningskerfa við meginflutningskerfið auk þess að tengja minni notendur og orkuframleiðendur við kerfið eftir því sem þörf verður á. Framangreind kerfisleg staða fyrirhugaðrar línu ræður meiru um þá niðurstöðu að leggja ekki mat á valkost um Kjöl, heldur en þingsályktunartillögur sem vísað er til. Sjá nánar svör við leið um Kjöl í töflu 2.3 í Valkostaskýrslu Landsnets. <sup>4</sup> 2) Mikilvægt er að ekki skapist misskilningur við notkun hugtaka, eins og t.d. hugtakið “endurnýjun”. Landsnet er meðvitað um að í áætlunum og gögnum fyrirtækisins þarf að gæta betur að því að skýrt sé hvað átt sé við þegar talað er um “endurnýjun línu”, þ.e. hvort um er að ræða breytingar/uppfærslur á eldri línunum eða byggingu nýrrar línu sem tekur yfir hlutverk eldri línu, að hluta eða öllu leyti, þar sem eldri lína getur verið rekin áfram samhliða.

<sup>4</sup> Landsnet 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheidiarlína 1: <https://landsnet.is/library?itemid=b52b9adc-7953-4152-a0c6-09b55773c715>

		<p>4) Vitað er að ósk Landsnets er að geta afhent hverjum sem er hvert það orkumagn sem vill, hvar sem er. Gagnrýni hefur marg oft komið fram opinberlega á að þessi forsenda væri ekki raunhæf. Er eðlilegt að hægt sé að reisa gagnaver eða stóriðju hvar sem er? Og til þess að ná því markmiði að vaða yfir ræktunar- og búsetulönd bótalítið? Algerlega skortir á að þessi sjónarmið séu ávörpuð í matsskýrslunni.</p> <p>5) Fjallað er um tengingu vistvænna orkuvera í skýrslunni, óljóst er hvort þarna er átt við vindmyllur. Aðalatriðið er þó að ef reisa á vistvæn orkuver, t.d. vindmyllur þá hljóta þær að leggja eitthvað til orkukerfisins, ekkert tillit er tekið til þess í matsáætluninni og er það alvarlegt. Nokkuð stór vindmylla í nútímanum þarf um 36 ha rými, er með 120m spaða og framleiðir um 7 MW. Er þetta ekki eitthvað sem þarf að taka með í reikninginn, meta umhverfisáhrifin af og hver samlegðar áhrifin verða við lagningu Holtavörðulínu 1?</p> <p>6) Kannski alvarlegasta ástæðan. Ræktað land fær mjög litla umfjöllun, framtíðar ræktunarland og landbúnaður er beinlínis smættaður, þar sem aðeins er tæpt á því að sækja eigi upplýsingar um núverandi landbúnað úr opinberum skýrsluhaldsgrunnum. Þessi eina ástæða ætti miðað við ástandið í heiminum núna að vera næg til þess að skoða línuleiðir alveg upp á nýtt. Fæðuöryggi er alvörumál. Fólk þarf mat til að lifa. Það breytir engu að hugsanlega getum við stundum keypt mat erlendis. Það er þá matur sem við tökum frá sveltandi fólki þar.</p>	<p>Áætlun um Holtavörðuheiðarlínu 1 byggir á samþyktri Kerfisáætlun 2020-2029. Í þessari 10 ára áætlun er m.a. gert ráð fyrir byggingu <b>nýrrar</b> 220 kV línu milli Hvalfjarðar og Holtavörðuheiðar, þ.e. Holtavörðuheiðarlína 1. Hún er hluti af uppbyggingu nýrrar kynslóðar byggðalínu, sem ætlunin er að byggja sem 220 kV línur hring um landið. Fyrsti hluti þessarar <b>nýju</b> byggðalínu gerir ráð fyrir samfelldri 220 kV tengingu milli frá Hvalfirði norður fyrir land og að Fljótsdal. Í þessu samhengi hefur stundum verið talað um “endurnýjun” byggðalínunnar, sem er hugtak sem eðlilega getur valdið misskilningi. Þar er verið að vísa til þess að „endurnýjunin“ felist í því að nýja línán taki við hlutverki lágspennnari línu sem er til staðar í dag, án þess að hlutverk gömlu byggðalínunnar liggja fyrir að svo stöddu.</p> <p>3-4) Landsnet hefur skyldur sem fyrirtæki sem flytur raforku en framleiðir ekki raforku né ákveður staðsetningu raforkuframléiðslu, sjá nánar um á að skyldur Landsnets í 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003.</p> <p>5) Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um landnotkun samkvæmt skipulagsáætlunum og þá eftir atvikum ef um er að ræða vindorkuver. Tengingar og áhrif vindorkuvera á raforkuferfið er ekki viðfangsefni umhverfismats einstaka framkvæmda.</p> <p>6) Sérstaklega verður lagt mat á áhrif valkosta á landbúnað og er sú vinna unnin af Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins og þau áhrif því einn þeirra þátta sem lagt er mat á. Áréttað er að niðurstöður úr rannsóknum og greiningum liggja ekki fyrir, þær munu birtast í umhverfismatskýrslu.</p>
6	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	<p>Í matsáætlun vantar tilfinnanlega umfjöllun um þær breyttu forsendur á raforkumarkaði sem hafa orðið og gætu orðið. Sérstaklega vantar að gaumgæfa hvaða áhrif „orkupakkar“ ESB geti haft á viðskipti með raforku á afskriftatíma þeirra raflína sem hér um ræðir. Það þarf að ræða hvernig þeir sem leggja land undir staurastæður og land undir línur og á áhrifsvæði þeirra fái sanngjarnan hlut í þeim viðskiptahagnaði sem þá gæti skapast. Vera kann að orkuutilskipanir ESB, t.d. fjórði orkupakkinn geti orðið til þess að unnt verði, eða jafnvel skylt að skattleggja háspennumöstur t.d. með fasteignasköttum, eins og önnur mannvirki sem reist eru til einkanota, eða fyrir atvinnurekstur. Við þá ráðstöfun yrði eignarréttur upprunalegs landeiganda skaðaður. Mun minni mannvirki en háspennumöstur þurfa jafnan að hafa lóð og bera fasteignaskatt af sjálfu sér og lóðinni einnig. Þá er miðað við álagningu sem er hlutfall af eðlilegu staðgreiðsluverði sambærilegra eigna á svæðinu. Hlunnindi bera fasteignaskatt sem hlutfall af ætlaðri arðsemi. Til samanburðar er ágætt að skoða stöðu á raforkumarkaði í Evrópu nú um stundir.</p>	<p>Þörf fyrir uppbyggingu flutningskerfisins er metin út frá forsendum eins og raforkuspá og samningum við nýja notendur kerfisins auk stefna stjórnvalda s.s. orkustefnu, stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Ekki er horft sérstaklega til mögulegra breytinga á samevrópskri löggjöf og breytingum á viðskiptaumhverfi með raforku byggðum á þeim. Landsnet fylgir gildandi raforkulögum og hverjum þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins á hverjum tíma. Í raforkutilskipunum er ekki fjallað um skattlagningu orkumannvirkja. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 6/2001 eru rafveitur, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum, undanþegnar fasteignamati en meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir spennistöðvar og þær lóðir er þau standa á. Háspennulínur hafa þannig ekki verið metnar fasteignamati og fasteignaskattur því ekki lagður á þær enda engin álagningarstofn til staðar. Flutningskerfi raforku telst til einna mikilvægustu innviða samfélagsins. Í 1. gr. raforkulaga er fjallað um markmið laganna, sem er m.a. að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og tryggja fullnægjandi raforkuöryggi, hagsmuni neytenda og neytendavitund á raforkumarkaði. Í III. kafla laganna er svo nánar fjallað um skyldur flutningsfyrirtækisins, sem er Landsnet. Þannig skal eitt fyrirtæki skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Er það gert til að rjúfa eignatengsl milli Landsnets, sem hefur einkaleyfi á flutningi raforku og kerfisstjórnun, og orkuvinnslufyrirtækja og dreifiveitna. Þannig er skilið á milli samkeppnisreksturs og grunnreksturs á orkumarkaði. Landsnet hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. 1. mgr. 9. gr. raforkulaga. Hvort sem um er að ræða þjóðvegi eða flutningskerfi raforku er um að ræða mikilvæga innviði og grunnrekstur og þeir sem leggja til afnot af landi í þágu þessara innviða fá landbætur í samræmi við það beina fjártjón sem viðkomandi kann að verða fyrir í samræmi við reglur og sjónarmið laga þar um.</p>
7	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	<p>Gera þarf ráð fyrir að Holtavörðuheiðarlínu 1 geti verið einkavædd líkt og fór með fjarskiptainnviði Símann og Mílu og ber því að meta samfélagslega þörf línunnar. Nauðsynlegt er að við framsal línunnar skapist samningsstaða þannig að landeigendur geti fengið línuna fjarlægða eða samið um leigugjald ef upp kemur slík staða. Miklar breytingar eru nú um stundir í orkugeiranum og þau heimili og fyrirtæki sem gamla byggðalínán þjónaði gætu í framtíðinni sparað orku verulega og/eða nýtt sér aðra orkugjafa nær sér. Við þannig aðstæður</p>	<p>Umfjöllun, umfang gagna og málsmeðferð umhverfismats einstakra framkvæmda grundvallast á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2020 og reglugerð nr.1381/2021.</p> <p>Samningar og bætur við landeigendur grundvallast á öðrum lögum og mun Landsnet þegar umhverfismati er lokið hefja þá málsmeðferð á þeim lagagrunni og er ekki viðfangsefni í mati á umhverfisáhrifum.</p>

		er líklegt að þessi nýja lína þjóni fyrst og fremst iðnaði sem ekki telst samfélagslega nauðsynlegur, svo sem gagnver o.fl. í framhaldinu getur orðið erfitt að rökstyðja eignarhald ríkisins á þessu mannvirki. Má þannig benda á að þjóðaröryggisráð komst nýlega að þeirri niðurstöðu að fjarskiptanet Mílu væri ekki samfélagslega mikilvægt.	
8	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Enn fremur er fremur kaldhæðin staðreynd að þrátt fyrir að megnið af raforku sé flutt úr dreifbýli um dreifbýli bótalítið, þá þurfa dreifbýlisbúar að greiða hærra flutningsgjald fyrir raforku en þeir sem búa á stöðum sem eru skilgreind sem þéttbýli.	Flutningsgjald er það sama um allt land. Landsnet er með tvær gjaldskrár. Eina fyrir stórnotendur og aðra fyrir dreifiveitur og eru þær báðar óháðar staðsetningu. Líklega er hér verið að vísa til gjaldskráa dreifiveitna sem eru ekki á forræði Landsnets.
9	Sigurður A. Ármannsson	Við lestur greinargerðar með tillögum um Holtavörðuheiðarlínu vakna ýmsar spurningar um með hvaða hugarfari matsáætlun var skráð. Fyrir liggur að "ný lína á að leysa af hólmi eldri línu" sem er á svipuðum stað. Núverandi lína hefur áunnið sér "þegnrétt" ef svo má að orði komast, þ.e. umhverfið hefur aðlagð sig þeim veruleika að línan er þarna. Eins er óumdeilt að raflínur verða að vera einhversstaðar. Þegar skoðuð eru fram sett rök fyrir fráviki frá núverandi línustæði þá eru þau í sumum tilfellum studd með rökum sem eiga meira skylt við bókmenntir en verkfræði - sem menn þó ætla að séu forsenda ákvarðanatöku.	Eitt af markmiðum umhverfismats framkvæmda er að tryggja aðkomu almennings að umhverfismati. Auk þess að geta leitt til meiri sáttar um framkvæmdir getur samráð við almenning frá upphafi umhverfismatsferlisins skilað gagnlegum upplýsingum inn í matsvinnuna, einkum heimamönnum sem búa oft yfir staðbundinni þekkingu á umhverfi og aðstæðum sem nýst getur við hönnun framkvæmdar og mat á umhverfisáhrifum hennar. Þetta hefur Landsnet haft sem leiðarljós við undirbúning umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1. 11. gr. reglugerðar nr.1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana gerir ráð fyrir að í matsáætlun séu gefnar upplýsingar um raunhæfa valkosti sem til greina koma. Heimamenn á hverjum stað búa oft yfir staðbundinni þekkingu á umhverfi og aðstæðum sem nýst getur við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og við hönnun hennar. Í undirbúningi umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1 hefur verið lögð áhersla á að fá fram hugmyndir að valkostum um útfærslu framkvæmdarinnar. Í valkostaskýrsla var fjallað um hugmyndir sem fram komu á samráðsvettvangi og þær sem teljast raunhæfar kynntar sem kostir til umhverfismats. Mat á raunhæfi hugmyndanna var m.a. byggt á verkfræðilegri reynslu Landsnets.
10	Örn Þorvaldsson	Eins og undirritaður hefur áður bent á er ekki þörf á að endurnýja núverandi byggðalínu fyrr en eftir 20 ár. Því síður að byggja nýja kynslóð byggðalínu (eins og Landsnet kallar það) byggðalínu sem stiklar á milli Vestur-, Norður- og Austurlands og kemur ekki við í öllum tengivirkjum núverandi byggðalínu Landsnets. Undirritaður getur þó tekið undir að flýta megi endurnýjun núverandi byggðalínu svo framarlega sem hún muni liggja í sömu línuleið og núverandi byggðalína liggur og kæmi við í öllum tengivirkjum Landsnets á svæðinu. Athugasemdir undirritaðs við fyrirætlanir Landsnets um Holtavörðulínu 1 eru eftirfarandi: Að Holtavörðulínu 1 eigi ekki að byggja! Að tengivirki á Holtavörðuheiði eigi ekki að byggja, fyrr en mögulega þegar framleiðandi raforku með vindrafstöðvum kæmi þar á heiðinni. Því alltaf má byggja nýtt tengivirki inni í endurnýjaða byggðalínuna! En eins og undirritaður segir þá á að endurnýja byggðalínuna á sama stað og núverandi byggðalína er / liggur / í sömu línuleið og á milli þeirra tengivirkja Landsnets sem þar eru fyrir. Það væri gert á þann hátt að endurbyggður væri kafli og kafli í einu með gömlu línuna (að mestu) í rekstri á meðan eins og Landsnet ætlar sér að gera varðandi endurnýjun Rangárvallalínu 1 milli Akureyrar og Skagafjarðar. Endurnýjuð byggðalína (undirritaðs) væri 220 kV 550 MVA, af sömu stærð og gerð og áætluð Holtavörðuheiðarlína 1 (Landsnets) á að vera, en án jarðvírs eyrnanna nema þeir línustaurar sem næstir væru hverju tengivirki. Endurnýjuð byggðalína á skilyrðislaust að liggja frá Brennimeil eins og hún gerir í dag (en ekki frá Klafastöðum) – til Vatnshamra – Hrutatungu – Laxárvatns – Blönduvirkjunar (inn Blöndudalinn áfram á tveggja línustaurastæðu) – til Varmahlíðar - og til Rangárvalla við Akureyri! Allstaðar í sömu línuleið og gamla byggðalínan liggur núna. En kjörið væri að leiðréttu línulögnina á þeim stöðum þar sem að hún; liggur illa við veðri, fer illa í landslaginu, er nærri náttúrufyrirbærum ásamt að vera nærri hífylum landsmanna, bænda og búfánaði þeirra. Eins og undirritaður segir þá á endurnýjuð byggðalína að tengjast öllum tengivirkjum Landsnets með nýjum innitengivirkjum og síðan verði allt / öll tengivirkin endurnýjað á sama	Áætlanir Landsnet um styrkingu á meginflutningskerfinu byggja á ýmsum forsendum. M.a. er horft til Raforkuspár og Sviðsmynda um raforkunotkun. Eins er horft til áætlana stjórnvalda um orkuskipti og þá orkuöflun og flutninga sem fylgja því. Til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til flutningskerfisins er nauðsynlegt að byggja línakerfi með meiri flutningsgetu en núverandi byggðalína og hefur verið ákveðið að ný kynslóð byggðalínu verði byggð á 220 kV spennustigi. Gamla 132 kV byggðalínan mun í einhverjum tilfellum standa áfram og mun þá fá það hlutverk að tengja svæðisbundin flutningskerfi við meginflutningskerfið, tengja nýja notkun og framleiðslu og verður endurnýjuð þegar að því kemur. Við ákvörðun endurnýjunar verður lagt mat á framtíðarfyrirkomulag kerfisins, hvort línan verði tekin niður og leyst af með öðruvísi tengingu, endurnýjuð sem loftlína eða lögð í jörðu eftir því sem kerfisstyrkur leyfir. Hér er rétt að taka fram að því stærri hluti af 220 kV kerfinu verður lagt í jörðu, þeim mun minna verður mögulegt að leggja línur á lægri spennustigum í jörðu. Hvað varðar tengivirki Landsnets er það stefna fyrirtækisins að öll tengivirki verði yfirbyggð og hafa eingöngu verið byggð yfirbyggð tengivirki síðustu ár. Afskriftartími tengivirkja hjá Landsneti eru 40 ár og er tekið mið af því við forgangsroðun endurnýjunarverkefna. Um 3 – 5 tengivirki eru byggð árlega og er þá bæði átt við ný virki og endurnýjun eldri virkja. Í kjölfar óveðra og straumleysis veturinn 2019-2020 var sett af stað átaksverkefni stjórnvalda um styrkingu innviða sem Landsnet tók þátt í. Sett var aukin áhersla á styrkingar í svæðisbundnum flutningskerfum til að auka áreiðanleika afhendingar raforku og minnka straumleysi á landsvísu. Fyrirhugað er að endurnýja tengivirkið á Vatnshömrum en nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir. Búast má við að tímasetning endurnýjunar muni liggja fyrir að lokinni greiningu á mögulegri framtíðarþróun flutningskerfisins á Vesturlandi og í nágrenni Vatnshamra sem unnin verður samhliða umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1. Hvað varðar Blöndulínu 3, er vísað í svör við umsögnum um matskýrslu þeirrar framkvæmdar.

		<p>hátt í framhaldinu. Mikilvægi tengivirkjanna og ástand búnaðar þeirra á byggðalínunni skal metið og síðan forgangsraðað samkvæmt því.</p> <p>Á Brennimel sem dæmi þar kæmi nýtt 220kV / 132kV tengivirkishús vestan núverandi úti tengivirkis sem svo væri stækkað og allar línur á Brennimel tengdar þar inn í framtíðinni.</p> <p>Þetta væri gert á sama máta og tengivirkið í Hamranesi var byggt (sem er annað stærsta tengivirki landsins) við og undir Ísallinum 1 og 2 sem var gert með báðar línurnar að mestu í rekstri á meðan, árin 1989-92.</p> <p>Það sama á við um Vatnshamratengivirkið eins og Brennimelstengivirkið, að byggja nýtt innitengivirki vestan núverandi úti tengivirkis sem svo væri stækkað og allar línur á Vatnshömrum tengdar þar inn í framtíðinni.</p> <p>Þetta væri eðlileg endurnýjun byggðalínunnar og kallar því ekki á umhverfismatsferli! Ekki á sama hátt og gengið hefur á síðustu 10 árin með Blöndulínu 3 og Suðurnesjalínu 2! Þar sem margir landeigendur hafa mátt þola og orðið fyrir ágengni, frekju og óhreinlindi Landsnets sem hefur með öllum ráðum reynt að þrýsta Blöndulínu 3 Suðurnesjalínu 2 og nú Holtavörðuheidarlínu 1 í gegn. En á meðan hefur Landsnet látið hjá líða að þjónusta almenning í landinu eins og fyrirtækinu ber og sannaðist svo illilega í óveðrinu fyrir tveimur og hálfu ári, þegar einu línurnar sem lágu til byggðarlaganna hrundu og allt varð rafmagnslaust!</p> <p>Samhliða og að verki loknu, þá væri öll gamla byggðalínan fjarlægð og öll merki um hana afmáð!</p> <p>Blöndulínu 3 á að hætta við þar sem ekki verður þörf fyrir hana eftir endurbyggingu núverandi byggðalínu eins og undirritaður leggur hér til.</p> <p>Að láta gömlu byggðalínuna standa áfram eins og Landsnet vill er ekki skynsamlegt því þegar mögulega væri þörf á henni til raforkuflutninga eftir um 70 ár, þá væri hún þegar ónýtt.</p> <p>Þessi endurnýjaða byggðalína eins og undirritaður leggur til að verði byggð, í stað nýrrar viðbótarlínu Holtavörðuheidarlínu 1 Landsnets, er þó óþarflega snemma á ferðinni því enn eru eftir um 20 ár af líftíma hennar og einnig er flutningsgetan ennþá fullnægjandi. Sem er eins og sjá má á álaginu á nýlega tvöfaldaðri byggðalínunni milli Kröflu og Fljótsdals Kröflulínu 3 (nýja línan) og Kröflulína 2 (gamla línan) er milli 0 - 40 MW, sá flutningur deilist núna á þessar tvær línur sem samanlagt gætu flutt um 750- 800 MW sem er um 5% álag á línunum. En þessa tvöföldun byggðalínunnar var þrátt fyrir þetta bráðnauðsynlegt að gera strax, að mati Landsnets!</p> <p>Af þessu leiðir að reka mætti endurnýjaða 220 kV byggðalínu, þá sem undirritaður leggur til á 132 kílóvoltum næstu áratuginu, þótt að línan og rofarnir fyrir hana, hafi verið endurnýjuð og stækkuð í 220 kV.</p> <p>Bygging Hrutatungulínu 1 sem Landsnet áformar núna, sem ekki kemur við í öllum tengivirkjum, kallar þar af leiðandi á nýja línu byggingu þ.e. endurnýjun núverandi byggðalínu strax í framhaldinu eða eftir um 15 ár. Byggðalínurnar tvær væru samanlagt að flytja að meðaltali um 90 MW en gætu flutt 750- 800 MW, það má því segja að önnur línan sé óþörf “og að hún í raun gangi tóm” milli Hvalfjarðar og Fljótsdals.</p>	
11	Örn Þorvaldsson	<p>Bygging Hrutatungulínu 1 ásamt Blöndulínu 3, það að hafa tvöfaldar byggðalínur milli Hvalfjarðar og Fljótsdals rýrir umhverfið / náttúru Íslands gifurlega og er umhverfislega óásættanlegt!</p> <p>Það er engin þörf á stórtækum raforkuflutningum milli landshluta fyrir Álver á Reyðarfirði. Né heldur að til séu mörghundruð MW aflögu hvorki á Suðurlandi né á Norðurlandi til að flytja milli landshluta. Auk þess mun raforkuframléiðslan að öllum líkindum í framtíðinni byggjast upp vítt og breytt um landið og nær notandanum.</p>	<p>Samkvæmt greiningum Landsnets sem byggja á forsendum kerfisáætlunar er þörf á flutningslínunum á milli Fljótsdals og Hvalfjarðar sem geta borið allt að 550 MVA af afli, nema á svæðinu á milli Blöndu og Hvalfjarðar þar sem gert er ráð fyrir að flutningsgetan þurfi að vera allt að 700 MVA.</p>



Kafli 3.2		Efnisatriði: Matsáætlun	
Nr	Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð Landsnets
12	Magnús Skúlason, Norðtungu	Ljóst er að línan getur ekki farið um land Norðtungu í Þverárhlið og af þessu leiðir að matsáætlun getur ekki staðið svona hvað varðar það land sem ég hef yfir að ráða og þyrfti að veita leyfi fyrir.	Í matsáætlun ber framkvæmdaraðila að leggja fram valkosti sem stefnt er að því að umhverfismeta og umhverfismatinu m.a. ætlað að bera saman áhrif þeirra. Ákvörðun um aðalvalkost verður kynnt og rökstudd í umhverfismatskýrslu, þar sem saman eru vegnir og metnir margvíslegir þættir. Ljóst er að til þess að geta hafið framkvæmdir þurfa samningar og leyfi að liggja fyrir aðalvalkosti og þá í samræmi við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga. Í kjölfar umhverfismatsins taka við aðrir ferlar. Landsnet mun hafa frekara samtal við sveitarstjórnir og eigendur lands þar sem aðalvalkostur fer um. Samtalið varðar skipulagsmál, samninga og leyfisveitingar.
13	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Að okkar mati er matsáætlunin ekki tæk til umfjöllunar í núverandi mynd.	Í 11. gr. reglugerðar nr.1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru talin upp þau atriði sem skulu koma fram í matsáætlun. Matsáætlunin hefur verið samþykkt til kynningar af hálfu Skipulagsstofnunar og verður ekki breytt.
14	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Af öllum framan töldum ástæðum m.a. er ljóst að línan getur ekki farið um land Langholts í Bæjarsveit. Af þessu leiðir að matsáætlunin getur ekki staðið svona hvað varðar það land sem við höfum yfir að ráða og þyrftum að veita leyfi á.	Matsáætlunin hefur verið samþykkt til kynningar af hálfu Skipulagsstofnunar og verður ekki breytt. Umhverfismatið, þar með mat á valkostum, verður unnið í samræmi við matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar um hana. Í umhverfismatskýrslu verður lagt sambærilegt mat á alla línuvalkosti og á grundvelli niðurstöðu matsins verður aðalvalkostur Landsnets kynntur. Í kjölfar umhverfismatsins taka við aðrir ferlar. Landsnet mun hafa frekara samtal við sveitarstjórnir og eigendur lands þar sem aðalvalkostur fer um. Samtalið varðar skipulagsmál, samninga og leyfisveitingar.
Kafli 4		Efnisatriði: Valkostir	
Nr	Umsagnaraðili	Umsögn	Viðbrögð Landsnets
15	Brynjar Bergsson og Anna Lís Hilmarsdóttir, Sleggjulæk	Við eigendur jarðarinnar Sleggjulækjar í Stafholtstungum í Borgarfirði erum enn að bíða eftir nákvæmari staðsetningu línunnar þar sem hún á að fara yfir okkar land á stað þar sem við erum að fara að byggja íbúðarhús á næsta ári. Þetta er eini kaflinn á leiðinni þar sem ekki á að fylgja gamla línustæðinu og þar með á að fara í gegn um eina skóginn á svæðinu. Í lok Maí þegar starfsfólk Landsnets heimsótti okkur þá spurðum við þau af hverju það ætti að fara með línuna þarna (eini kaflinn á leiðinni þar sem hún fylgir ekki þeirri gömlu). Þau svöruðu því að það væri vegna nálægðar við hús í kring um Norðtungu og þar í kring. Þau sýndu okkur vinnukort sem þau hafa sér til glöggvunar á því hvar hús eru á svæðinu, en við sáum undir eins að þar voru merkt inn hús á tveim stöðum sem engin hús eru. Við viljum benda á að lang minnsta raskið, minnsti hlykkurinn og örugglega ódýrasta leiðin er á milli Höfða og Högnastaða þar sem eru engin hús og nóg pláss á milli, inn á kortið er Karlsbrekka merkt, það er eyðijörð, engar byggingar og ekki neitt.. Ef fólk mætir á staðinn og sér hvernig þetta er í raun þá hlýtur hver að sjá að það eru mjög furðulegt að taka þennan sveig þarna bara af því bara. Einu rökin sem þau höfðu fyrir þessum sveig eru þessi hús í kring um Norðtungu og svo sögðu þau að þau vildu gera línuna minna sýnilega með því að fara í geng um skóginn. Okkur finnst það frekar léleg rök þar sem línan fer nær Norðtungu með þessum hlykk og það að fela línuna í skóginum !! Hvað með alla afganginn af línunni hvernig á að fela hana? Við getum ekki gefið okkar samþykki fyrir þessu.	Í matsáætlun er ekki sett fram nákvæm lega valkosta, en það verður gert nánar í umhverfismatskýrslu. Athugunarbelti hvernig línuleiðar verður a.m.k. 300 m breitt og munu rannsóknir gefa samanburðarhæf gögn til að meta hvern valkost m.t.t helstu umhverfisáhrifa. Í umhverfismatskýrslu verða valkostir Holtavörðuheidiarlínu 1 metnir og bornir saman og aðalvalkostur lagður fram. Í kjölfar þess að umhverfismatskýrsla hefur verið kynnt verður farið í endanlega útfærslu og hönnun aðalvalkostar (nákvæm staðsetning á lína, mastra og slóða) í samráði við viðkomandi landeigendur eins og hægt er. Í umhverfismati verður fjallað um hvernig valkostir Holtavörðuheidiarlínu 1 samræmast gildandi skipulagsáætlunum, t.d. varðandi íbúðarhús og lagt verður mat á sjónræn áhrif valkosta. Það er rétt að ekki er hægt að koma í veg fyrir sýnileika línunnar á lengstum hluta leiðarinnar, en mögulega verður hægt að draga úr ásýnd á kafla línuleiðarinnar. Í því felast jákvæð tækifæri telur Landsnet. Með því að meta valkost um Norðtunguskóg, með kostum hans og göllum og bera saman við aðra valkosti á svæðinu skapast betri forsendur til að taka upplýsta ákvörðun um aðalvalkost að loknu umhverfismati. Landsnet hefur farið yfir nýjan línuleiðarvalkost, sem nefndur er í umsögninni. Leiðin liggur nærri valkosti A-D og er að mestu leyti innan 300 m athugunarbeltis hans. Þegar kostirnir yrðu bornir saman myndi ekki nást merkjanlegur munur umhverfisáhrifa. Því mun Landsnet ekki meta þetta sem sérstakan valkost.
16	Hafþórsstaðir	Gerð er athugasemd við valkost í lagningu Holtavörðulínu sem vísar frá núverandi línustæði í landi Hafþórsstaða. Sú útfærsla færi um land sem í tillögudrögum rammaáætlunar 4 er virkjunarsvæði. Myndi það draga úr hagkvæmni vindorkuversins og kalla á margfaldar bætur fyrir land umfram núverandi línuleið. Miklum fjárhæðum hefur þegar verið varið til rannsókna og þróunar á því svæði í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða sem um ræðir. Auk þess eru	Í umhverfismatskýrslu verður fjallað landnotkun í skipulagsáætlunum og þá eftir atvikum ef um er að ræða vindorkuver. Niðurstaða umhverfismatsins mun leiða í ljós mismunandi áhrifa valkosta.

		neikvæð umhverfisáhrif af tveimur línustæðum, því gamla og nýju, augljóslega meiri en að fylgja núverandi línustæði.	
17	Guðni G. Jónsson, Þór Jónsson og Brynja Jónsdóttir, Árbakka	<p>Við Guðni Geir Jónsson kt. 131066-4579, Þór Jónsson kt. 111161-4029 og Brynja Jónsdóttir kt. 121259-4199 viljum fyrir hönd móður okkar Helgu Jónsdóttur kt. 180635-4329 sem situr í óskiptu búi eftir föður okkar Jón Magnús Guðnason kt. 140736-3259 koma á framfæri athugasemdum við áætlað línustæði um jörðina Árbakka í Bæjarsveit. Fyrir liggur að áætlað er að endurnýja línu og að línustæði verði hið sama eða nær því hið sama um land Árbakka. Það liggur fyrir að um mun afkastameiri línu og stærra mannvirki verður að ræða með tilheyrandi raski og mengun. Tekið skal fram að jörðin Árbakki er í Þingneslandi og hefur landsvæði ekki verið skipt millum eigenda jarðanna. Eignarhluti ekkju Jóns Magnúsar og barna hennar 3ja nemur 40% af hlutdeild Árbakka í óskiptu Þingneslandi. Undirrituðum hefur borist til eyrna að möguleikar á lagningu línu sem myndi leysa núverandi línu af hólmi bjóði upp á nýtt línustæði fjarri mannabyggð og að möguleikar þessir muni jafnvel vera ódýrari en lagning um núverandi línustæði. Sé rétt með farið er undirrituðum það óskiljanlegt af hverju sú leið er ekki farin.</p> <p>Það liggur fyrir að landnýting jarða er engan veginn eins og hún var þegar núverandi lína var lögð. Á þeim tíma byggðist nýting á hefðbundnum landbúnaði og því að afla heyja fyrir búfénað. Á síðari tímum byggir nýting jarðnaðis í auknum mæli upp á þjónustu við ferðamenn sem svo aftur byggir á ómenguðu landi. Með mengun í þessu tilfalli er átt við sjónmengun, suð frá rafmagnslínunum, segulsviði, autt svæði meðfram línu (þ.e. helgunarsvæði) og annað sem línunum sem þessum fylgir. Þá má gera ráð fyrir að landeigendur sem ekki eru í ferðþjónustu nýti landnaði sitt til að mynda undir frístundahús, annað hvort fyrir fjölskyldumeðlimi eða afkomendur núverandi eigenda eða leigi út jarðnaði til annarra sem áhuga hafa á að setja niður frístundahús á þessum slóðum. Helgunarsvæði við línu skerðir einnig möguleika á skógrækt og möguleika á kolefnisjöfnun og verðfellir því jarðnaði. Nýting eignarhluta til frístundabyggðar sem og skógræktar hefur verið til umræðu innan fjölskyldu okkar. Við teljum borðleggjandi að fyrirhugaðar framkvæmdir muni verðfella jarðnaði verulega og jafnvel koma í veg fyrir nýtingu sem þessa til fjölda ára bæði hjá þeim sem nú lifa og þeim sem landið munu erfa. Sú kvöð er ekki ásættanleg þ.e. að eignaraðilar geti ekki nýtt jarðnaði eins og hugur þeirra stendur til á hverjum tíma. Í því felst kvöð og fyrirsjáanlegt er að hún mun vara til áratuga.</p> <p>Undirrituð gera ráð fyrir að hagkvæmasta leið verði valin. Komi til þess að línustæði verði óbreytt eða nær óbreytt um nefnt jarðnaði gerir fjölskyldan ráð fyrir að bætur þær sem jarðeigendum verða greiddar taki m.a. mið af þeim töpuðu nýtingarmöguleikum sem hér hafa verið nefndir og þar með töpuðum tekjumöguleikum.</p>	<p>Í umhverfismati verður fjallað um hvernig valkostir samræmast gildandi skipulagsáætlunum, t.d. varðandi frístundabyggð. Þó verður einnig horft til ábendinga eins og þeirra sem hér er fjallað um. Lagt verður mat á sjónræn áhrif línukosta og hvar á línuleiðinni sjónrænn ávinningur og annar ávinningur verður mestur af því að annað hvort samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu.</p> <p>Landbætur og samningar við landeigendur eru ekki viðfangsefni mats á umhverfisáhrifum, en á því er tekið í öðrum ferlum sem taka við í kjölfar þess að fyrir liggur hver aðalvalkosturinn verður. Fjallað hefur verið um landbætur á verkefnaráðsfundi og landeigendafundi og er vísað til kynningar á vefsíðu Landsnets.<sup>5</sup></p> <p>Í umsögninni er væntanlega verið að vísa til hugmynda um línuleið yfir Kjöl. Línuleið um Kjöl uppfyllir ekki markmið Landsnets um framtíðarþróun meginflutningskerfisins. Lína á milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar myndi sneiða hjá Vesturlandi, Vestfjörðum, ásamt hluta af Norðurlandi vestra og minnka möguleika á að auka afhendingaröryggi, og á að tengja nýja notendur og framleiðendur orku við kerfið. Í áformum um styrkingu meginflutningskerfisins er gert ráð fyrir að nýr afhendingarstaður á Holtavörðuheidi verði lykilstær fyrir orkuafhendingu og tengingu nýrra orkuframleiðslueininga við kerfið, m.a. þegar horft er til orkuframleiðslu og/eða raforkunotkunar á Vesturlandi og Vestfjörðum.</p> <p>Núverandi 132 kV línukerfi hefur takmarkaða flutningsgetu og mun ekki ná að þjóna því hlutverki sem nokkru nemur og kemur því ekki í stað nýrrar 220 kV línu. Eldri línur geta samt sem áður þjónað hlutverki í tengingu svæðisbundinna flutningskerfa við meginflutningskerfið auk þess að tengja minni notendur og orkuframleiðendur við kerfið eftir því sem þörf verður á.</p> <p>Framangreind kerfisleg staða fyrirhugaðar línu ræður meiru um þá niðurstöðu að leggja ekki mat á valkost um Kjöl, heldur en þingsályktunartillögur sem vísað er til. Sjá nánar svör við leið um Kjöl í töflu 2.3 í Valkostaskýrslu Landsnets (hugmynd nr. 16).<sup>6</sup></p>
18	Gunnar Jónsson, Króki	<p>Ég undirritaður er eigandi Króks, sem er skógræktarbýli í Norðurárdal. Í ráði er að leggja háspennulínu, 220 kv, um land jarðarinnar, Holtavörðulínu 1. Fyrir er á landi Króks 132 kv lína, svokölluð Byggðalína. Á liðnu ári barst mér frá Landsneti valkostaskýrsla varðandi fyrirhugaða Holtavörðulínu 1. Haldinn var fundur með landeigendum og óskað eftir ábendingum. Ég sendi bréf til Landsnets þar sem eigendur jarðarinnar gera grein fyrir viðhorfum sínum. Bréfið er dagsett 17.janúar og fylgir það hér með í viðhengi. Nýlega barst mér síðan Matsáætlun Holtavörðulínu 1. Enn var haldinn fundur með landeigendum og fulltrúar Landsnets komu í Krók í vettvangsferð sinni. Þar áttum við ágætan fund þann 24. maí s.l. Á fundinum voru ræddar aðstæður til línulagnar um Króksland og mögulegar línuleiðir skoðaðar. Ég kom á framfæri viðhorfi mínu til línulagna um land jarðarinnar, þeim sömu og áður komu fram í bréfinu þann 17/1 s.l. Því viðhorfi okkar hér í Króki að tvær samhliða línur um landið séu óviðunandi fyrirkomulag.</p>	<p>Í umhverfismati verður fjallað um hvernig valkostir samræmast gildandi skipulagsáætlunum, t.d. varðandi frístundabyggð og skógrækt. Þó verður einnig horft til ábendinga eins og þeirra sem hér er fjallað um. Lagt verður mat á sjónræn áhrif línukosta og hvar á línuleiðinni sjónrænn ávinningur og annar ávinningur verður mestur af því að annað hvort samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu.</p>

<sup>5</sup> Þórður Bogason. Helstu sjónarmið við ákvörðun landbóta vegna 220 kV háspennulínu. Erindi flutt á kynningarfundum Landsnets með verkefnaráði og landeigendum þann 11. maí 2022: <https://www.landsnet.is/library/?itemid=d144d68e-f2a7-4bab-8b5c-861f9f758abf>

<sup>6</sup> Landsnet 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheidiarlína 1: <https://landsnet.is/library/?itemid=b52b9adc-7953-4152-a0c6-09b55773c715>

		<p>Slík línulögn um skógræktarland jarðarinnar hefði í för með sér óbætanlegt tjón á gróðursetningu liðinna ára. Og á þeim hluta hennar þar sem fyrirhugað er áframhald skógræktarinnar myndi hún ríra það land,sem best hentar til ræktunar umtalsvert.</p> <p>Á áðurnefndum fundi var farið yfir möguleika til lausnar á þessum vanda og ræddar ýmsar leiðir til þess.</p> <p>Þegar hugað er að línulögn um Króksland má skipta landinu í tvo hluta. Vestari hluti þess er skógræktar og aðal athafnasvæði jarðarinnar. Þar hafa nú þegar verið gróðursett á þriðja hundrað þúsund skógarplöntur og þar er áætluð umfangsmikil frekari gróðursetning. Þarna er allur húsakostur, sumarhús og áætluð frístundabyggð.</p> <p>Mér virðist að á þessu svæði séu þrjár hugsanlegar lausnir í boði:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Byggðalínan (132 kv) verði lögð í jörð um svæðið og að Holtavörðulína 1 (220 kv) línan komi í stað hennar á 220 kv möstrum ( Matsáætlun.mynd 5.1,bls. 22 ).</li> <li>2. Báðar línurnar verði lagðar um skógræktarsvæðið á tvírása möstrum ( Matsáætlun, mynd 5.4,bls 24 ).</li> <li>3. Línurnar fari báðar um svæðið á einmöstrungi,tvírása mastri. ( Matsáætlun,mynd 5.4,bls. 24 )</li> </ol>	
19	Gunnar Jónsson, Króki	<p>Austari hluti Króksjarðarinnar er annars eðlis. Byggðalínan fer þarna um landið norðanvert. Þar,sem heita Selhagar (sjá meðf. kort). Þetta er gróðursælasti hluti eystra svæðisins og sá,sem hentar best til skógræktar. Til suðurs hækkar landið mjög ört og liggur að þeim víðernum,sem verða vonandi friðuð. Byggðalínan fer þarna á hentugum stað um landið en það er ljóst að tvær samhliða línur með helgunarsvæði Holtavörðulínu 1,sem væri 65-85 m (Matsáætlun 5.1.3. bls. 25) til viðbótar við helgunarsvæði Byggða-línunnar um 60 m myndu ríra þetta skógræktarsvæði verulega. Á þessum hluta jarðarinnar gilda því í raun sömu sjónarmið og á vestari hluta hennar. Æskilegt væri að fara með Byggðalínuna í jörð og Holtavörðu-línu 1 á 220 kv möstrum.Sé það hins vegar ekki mögulegt væri málið leyst á þann hátt,sem lagt er til á vestari hluta jarðarinnar,kostir 2 eða3.</p>	<p>Landsnet hefur bent sveitarfélögum á að í aðalskipulagi, þar sem gera þarf grein fyrir takmörkunum á landnotkun m.t.t. helgunarsvæða raflína, sem unnin eru í grófum, skala sé æskilegt að helgunarsvæðið væri frekar rúmt og á bilinu 60-85 m. Sjá leiðbeiningar Landsnets, Háspennulínur- aðgát skal höfð.</p> <p>Nú liggur fyrir raunverulegt helgunarsvæði nýrra 220 kV lína á norðurlandi sem eru sambærilegar og áætluð Holtavörðuheiðarlína 1. Það er alla jafna minna og hefur farið í um 50 m breitt belti, 25 m til hvorrar handar.</p> <p>Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður m.a. lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt, sem byggt verður á rannsóknnum Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins, en jafnframt horft til möguleika á að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Niðurstaða úr þeim samanburði mun liggja fyrir þegar umhverfismatskýrsla verður kynnt.</p>
20	Jón F. Jónsson, Vindheimum	<p>Ég mótmæli lagningu Holtavörðuheiðarlínu alfarið um land Vindheima og þeim breytingum sem áætlað hefur verið að gera á núverandi línustæði. Land Vindheima er í dag nýtt sem frístundabyggð og útivistarsvæði og er mikið nýtt af fjórum fjölskyldum. Forsendur voru allt aðrar árið 1974 þegar núverandi samningar um Holtavörðuheiðarlínu voru gerðir þar sem landið var nýtt sem beitarnland og var staðsett langt frá byggingum.</p> <p>Af þeim kostum sem kynntir hafa verið um línustæði í landi Vindheima er núverandi línustæði skásti kosturinn af öllum illum.</p>	<p>Kostur A-D fylgir núverandi línustæði milli Hvalfjarðar og Holtavörðuheiðar, en á nokkrum köflum víkja aðrir kostir frá þeirri leið. Í umhverfismatskýrslu vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 verða áhrif þess að fylgja núverandi línuleið borin saman við þá valkosti sem víkja frá núverandi línustæði. Endanleg útfærsla og hönnun aðalvalkostar verður útfærð með hliðsjón af niðurstöðum umhverfismatsins, þar sem leitast verður við að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.</p>
21	Jón F. Jónsson, Vindheimum	<p>Ég leyfi mér að benda á nýtt línustæði frá spennuvirki á Vatnshömrum um land Fossa, Hests, milli landamerka Þingness og Fossatúns, upp hjá Varmalæk, upp í land Hellna og taka beygju í Snagaskógi að núverandi línu. Hægt er að þjónusta línuna frá Borgarfjarðarbraut með litlum veglagningum og tilkostnaði. Meðfylgjandi er teikning sem sýnir þessa hugmynd á korti.</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendingu um valkost um línuleið.</p> <p>Eins og leiðin er teiknuð þá hefur hún ekki augljósa kosti umfram þá valkosti sem lagðir eru fram í matsáætlun. Sérstaklega er bent á kafla við Blundsvatn og Fossatún, sem og Þingnes, þar sem sumarhúsasvæði eru á skipulagi. Línuleiðin liggur yfir Blundsvatn á kafla við sumarhúsabyggðina og yrði mjög sýnileg. Mikil nánd er við veiðihús og byggð á nokkrum stöðum. Línan yrði mjög áberandi á löngum kafla af Borgarfjarðarbraut (50), bæði á kaflanum frá Vatnshömrum að Hesti, og við Bæjarsveitarveg (513). Leiðin er í nánd við flugvöll hjá Stóra-Kroppi sem takmarkar möguleika á lagningu línunnar.</p>
22	Jón F. Jónsson, Vindheimum	<p>Á [fundum hjá Landsnet] hafa komið fram tillögur frá landeigendum að fara með línuna um hálendið þar sem aðrar sambærilegar línur eru og flestir landeigendur telja betri kost.</p>	<p>Í umsögninni er væntanlega verið að vísa til hugmynda um línuleið yfir Kjöl. Greining á þeirri hugmynd og niðurstaða Landsnets má sjá í töflu 2.3 í valkostaskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1 (hugmynd nr. 16).<sup>7</sup></p>

<sup>7</sup> Landsnet 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheiðarlína 1: <https://landsnet.is/library?itemid=b52b9adc-7953-4152-a0c6-09b55773c715>

			Lína um Kjöl á milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar myndi sneiða hjá Vesturlandi, Vestfjörðum, ásamt hluta af Norðurlandi vestra og minnka möguleika á að auka afhendingaröryggi, og tengja nýja notendur og framleiðendur orku við kerfið. Í áformum um styrkingu meginflutningskerfisins er gert ráð fyrir að nýr afhendingarstaður á Holtavörðuheidi verði lykilpunktur fyrir orkuafhendingu og tengingu nýrra orkuframleiðslueininga við kerfið, m.a. þegar horft er til orkuframleiðslu og/eða raforkunotkunar á Vesturlandi og Vestfjörðum.
23	Jón Þ. Guðmundsson og Ástríður Jónasdóttir, Galtarholti	<p>Fyrirhuguð leið loftlínunnar svonefnd A1 Bjarnarholtsleið er nánast á landamerkjum Galtarholts og Eystra- Miðfells í Hvalfjarðarsveit og í upp. 425 m fjarlægð frá íbúðar- og útihúsum í Galtarholti. Þessi fjarlægð teljum við að sé of lítil og auðvelt er að koma línunni fyrir austar og þar með í meiri fjarlægð frá húsum í Galtarholti þannig mætti lágmarka sjónræn áhrif og koma að einhverju leiti í veg fyrir fyrir hljóðmengun frá línunni að næstu byggðu bólu.</p> <p>Fyrir eru á svæðinu þrjár háspennulínur, sem liggja frá tengivirki á Brennimel að tengivirki á Klafastöðum í 1300 m. fjarlægð frá húsum í Galtarholti. Þar er um að ræða Járblendilínu 1 og Norðuráslínu 1 og 2. Þessar línur liggja allar samsíða. Þar að auki er svonefnd Vatnshamralína sem liggur frá tengivirki á Vatnshörmrum að tengivirki á Brennimel. Með því að ætla nýrri háspennulínu að liggja rétt austan landamerkja Galtarholts telur Landsnet til kosta að línuleiðin sé styttri og þurfi færri möstur. Þar með verður að telja að Landsnet ætli að ganga gegn stefnu stjórnvalda um lagningu nýrra háspennulína frá árinu 2015 hvað varðar jörðina Galtarholt. Í stefnu stjórnvalda kemur m.a. fram: „Leitast skal við að halda línugötum í lágmarki og nýta núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf“ Eðlilegt verður því að telja að ný lína liggi samsíða Vatnshamralínu að öllu leiti og fylgi síðan Járblendilínu 1 og Norðuráslínunum 1 og 2 frá Brennimel að Klafastöðum. Þannig væri vænlegast að draga úr sjónrænum áhrifum línanna frekar en dreifa þeim á á u.þ.b. 800 - 1000 m. breitt landssvæði.</p>	<p>Í matsáætlun er ekki sett fram nákvæm lega valkosta en það verður gert nánar í umhverfismatskýrslu þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir.</p> <p>Kostur A-D fylgir núverandi línustæði milli Hvalfjarðar og Holtavörðuheidar, en á nokkrum köflum víkja aðrir kostir frá þeirri leið. Í umhverfismatskýrslu vegna Holtavörðuheidarlínu 1 verða áhrif þess að fylgja núverandi línuleið borin saman við þá kosti sem víkja frá núverandi línustæði, svo sem A1 Bjarnarholtsleið. Í umhverfismatskýrslu verða valkostir Holtavörðuheidarlínu 1 metnir og bornir saman, m.a. varðandi sjónræn áhrif og áhrif á hljóðvist. Í skýrslunni verður aðalvalkostur Landsnets lagður fram.</p> <p>Landsnet hefur farið yfir nýjan línuleiðarvalkost, sem nefndur er í umsógninni. Kosturinn lægi nærri núverandi valkosti. Vegna nálægðarinnar myndi ekki nást merkjanlegur munur umhverfisáhrifa þegar kostirnir yrðu bornir saman. Því mun Landsnet ekki meta tillöguna sem sérstakan valkost.</p> <p>Endanleg útfærsla og hönnun aðalvalkostar (nákvæm lega, línur, mastra og slóða), verður síðar útfærð í samráði við viðkomandi landeigendur eins og hægt er. Sú vinna fer ekki fram fyrir en í kjölfar þess að umhverfismatskýrsla hefur verið lögð fram.</p>
24	Jón Þ. Guðmundsson og Ástríður Jónasdóttir, Galtarholti	<p>Landsnet telur kostnaðarleg rök fyrir þessum valkosti þ.e. A1 Bjarnarholtsleið. Við teljum að þar með sé Landsnet að velta kostnaði yfir á landeigendur Galtarholts með lækkuðu markaðsverði jarðarinnar þar sem rök eru fyrir því að eftirsókn í land með 220 kV loftlínu í 23-25 metra hæð og 10 m. þverslám er varla nokkuð sem eftirsóknarvert getur talist nánast á landamerkjum.</p> <p>[...]</p> <p>Fyrir liggur að væntanleg Holtavörðuheidarlína kemur til með að liggja hvar sem henni verður ætlaður staður a.m.k. næstu áratugi. Því teljum við að brýnt að vandað sé til verka og línunni komið þannig fyrir að sæmileg sátt geti talist um framkvæmdina við næstu nágranna. Við teljum ekki rétt að hrein hagkvæmnissjónarmið Landsnets ráði staðsetningu línunnar með því að fylgja ekki eldri línur og spara sér 2-3 staurastæður og u.þ.b. 800-1000 m af vír með því að fara svonefnda A1 Bjarnarholtsleið.</p>	<p>Ákvörðun um aðalvalkost verður tekin þegar niðurstöður úr umhverfismatinu liggja fyrir. Við þá ákvörðun er horft til fjölda þátta; umhverfislega, kostnaðar, rekstraröryggis o.fl. Landsnet er sammála mikilvægi þess að vandað sé til verka og sem ásættanlegust lausn náist.</p>
25	Jón Þ. Guðmundsson og Ástríður Jónasdóttir, Galtarholti	<p>Á fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar Hvalfjarðarsveitar þ. 19. mars sl. Var gerð eftirfarandi bókun við valkostagreiningu línunnar. Þessi bókun fellur að okkar hugmyndum um fyrirhugaða framkvæmd í öllum megin atriðum.</p> <p><b>2012054.</b></p> <p><b>Holtavörðuheidarlína 1</b></p> <p><i>Skýrsla um valkostagreiningu Holtavörðuheidarlínu 1. Frestur til að skila athugasemdum var til 17. janúar 2021, en sveitarfélagið hefur óskað eftir lengri fresti.</i></p> <p><i>Landsnet hefur áform um lagningu Holtavörðuheidarlínu 1, sem yrði 220 kV loftlína milli Klafastaða í Hvalfirði að nýju tengivirki á Holtavörðuheidi, alls um 90 km langa leið. Línan er</i></p>	<p>Í umhverfismati Holtavörðuheidarlínu 1 verður lagt mat á mismunandi valkosti um línuleið og þeir bornir saman, m.a. A1 Bjarnarholtsleið og valkostur meðfram núverandi línuleið frá tengivirki Klafastaða um Brennimel (A-D). Í því felst m.a. að lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt, sem byggt verður á rannsóknum Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins, en jafnframt horft til möguleika á að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Niðurstaða úr þeim samanburði mun liggja fyrir þegar umhverfismatskýrsla verður kynnt. Niðurstaða matsins verður ein forsenda fyrir ákvörðun um aðalvalkost Landsnets sem kynntur verður í umhverfismatskýrslu, þegar búið verður að vinna rannsóknir og meta alla valkosti.</p>

		<p>á framkvæmdaáætlun Kerfisáætlunar Landsnets 2020-2029 og áætlað að framkvæmdir hefjist árið 2024. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og liður í því er að setja fram tillögur um raunhæfa valkosti línunnar, sem lagðir verði fram til umhverfismats. Landsnet hefur í samráði við verkefnaráð Holtavörðuheildarlínu 1, landeigendur og almenning leitað eftir hugmyndum og ábendingum um línuleiðir. Markmiðið er að vinnan leiði að lokum til skynsamlegrar niðurstöðu um aðalvalkost línunnar. Niðurstaða valkostagreiningar er að alls sjö valkostir Holtavörðuheildarlínu 1 eru taldir geta náð markmiðum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt. Greiningin leggur jafnframt grunn að mati á því hvar á línuleiðinni mestur ávinningur er af því að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörð. Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd álitur að línuleið Holtavörðuheildarlínu 1 verði best fyrir komið meðfram núverandi lagnaleið Vatnshamralínu. En verði Bjarnarholtsleið fyrir valinu að þá verði strengur lagður í jörðu. Í tillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 er fjallað um Holtavörðuheildarlínu 1, m.a. í forsendum skipulagstillögunnar, sem er undirstaðan fyrir ákvarðanatöku um landnotkun og þróun byggðar í Hvalfjarðarsveit.</p>	
26	Jón Þ. Guðmundsson og Ástríður Jónasdóttir, Galtarholti	<p>Þess má geta að í landi Galtarholts eru nú þegar eftirtaldar línur og veitur og teljum við óþarft að bæta þar við frekar en orðið er.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Öflug vatnsleiðsla fyrir Grundartangasvæðið langs eftir jörðinni.</li> <li>• Vatnsleiðsla þvert um jörðina, sem þjónar Stóra-Lambhagahverfi, Melahverfi, hluta Leirársveitar ásamt Eystra- Miðfelli</li> <li>• 11 kV rafmagnsjarðstrengur þvert um jörðina, sem þjónar Leirár-og Melasveit ásamt fleiri bæjum í leiðinni</li> <li>• 66 kV rafmagnsjarðstrengur, sem þjónar Akraneskaupstað og fyrir liggur að bæta eigi við einum slíkum til viðbótar innan skamms.</li> <li>• Fjórir ljósleiðarar liggja þvert um jörðina.</li> </ul>	Landsnet þakkar ábendinguna, sem verður höfð til hliðsjónar við gerð umhverfismatsskýrslu.
27	Kári Blöndal	<p>Ég hef lesið yfir matsáætlun hjá ykkur og verð ég að mótmæla yfir leið B3 sem fer þvert yfir jörð stafholtsey. Þessi leið mun skapa stórhættu fyrir flugumferð á svæðinu. Í dag er mikil umferð flugvéla á svæðinu einnig lenda vélar á túnum við bæinn Stafholtsey.</p> <p>Ég er að byrja byggja flugbrautir og skýli á jörðinni fyrir einkaflugvélar og mun leið B3 skapa stórhættu fyrir þær vélar. Mér líst best á leiðir B1, B2 eða meðfram núverandi línu og mun það lágmarka hættu af þessari línu. Ef kostur er á þá væri best að setja þessa línu í jörð. En ég er mjög á móti leið B3. Endilega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.</p>	<p>Í matsáætlun er ekki sett fram nákvæm lega valkosta og verður hún útfærð m.a í umhverfismatsskýrslu þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir. Í umhverfismatsskýrslu verða valkostir Holtavörðuheildarlínu 1 metnir og bornir saman, m.a. kostir B1-3 og valkostur meðfram núverandi línuleið (A-D). Í matinu verður horft til þess að flugvöllur við Stóra Kropp er á skipulagi en einnig verða áform um flugbraut við Stafholtsey skoðuð í ljósi laga um loftferðir nr. 60/1998.</p> <p>Endanleg útfærsla og hönnun aðalvalkostar verður útfærð í samráði við viðkomandi landeigendur eins og hægt er. Sú vinna fer ekki fram fyrir en í kjölfar þess að umhverfismatsskýrsla hefur verið lögð fram.</p>
28	„Landeigendur Kaðalstaða 1 og 2 og Neðra Ness“	<p>Umsögn þessi felur í sér sameiginlegt álit og athugasemdir eigenda Kaðalstaða og Neðra-Ness hvað varðar lagningu Holtavörðuheildarlínu 1, B-kafla, um landsvæði ofangreindra jarða og þá valkosti sem þar eru til skoðunar.</p> <p>Eigendur Neðra-Ness og Kaðalstaða gera ekki athugasemdir við valkosti B1 (Andakilsleið) og B2 (Bæjarsveitarleið eystri) eins og þeir birtast í fyrirbyggjandi matsáætlunum.</p> <p>Í nýjustu matsáætlun vegna Holtavörðuheildarlínu 1 er dreginn upp valkostur um línustæði, nefndur B3 (Bæjarsveitarleið vestari), sem ekki hafði áður verið á borðum, um lagningu línunnar enn lengra frá bæjarhúsum í Langholti/Laugarholti en gert var ráð fyrir í valkosti B2. Með valkosti B3 færi línun yfir Hvítá allnokkru neðar en gamla Byggðalínan, gangi síðan um land Neðra-Ness og yfir í land Kaðalstaða ofan Hörðuhóla en neðst í Kaðalstaðaklettum.</p> <p>Af hálfu eigenda Kaðalstaða og Neðra-Ness er þessum þriðja möguleika eindregið mótmælt. Fyrir því eru þessi rök:</p>	<p>Í athugasemdum við valkostaskýrslu Holtavörðuheildarlínu 1 kom fram rökstudd hugmynd um nýjan línukost vestan við þá kosti sem kynntir voru í Bæjarsveit, sjá athugasemd nr. 64 í valkostaskýrslu.<sup>8</sup> Í matsáætlun er hann kynntur sem valkostur B3. Í umhverfismatsskýrslu verða valkostir Holtavörðuheildarlínu 1 metnir og bornir saman.</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Vísað er í viðeigandi kafla matsáætlunar um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í umsögninni: <ul style="list-style-type: none"> <li>- 9.2 Gróður</li> <li>- 9.3 Fuglar</li> <li>- 9.9 Landbúnaður og skógrækt</li> </ul> </li> <li>2. Holtavörðuheildarlína 1 mun liggja um fjarsvæði vatnsverndar á Skarðsheiði, en framkvæmdin er að öðru leyti áætluð fjarri vatnsverndarsvæðum (mynd 6.1 í matsáætlun). Við vinnslu umhverfismatsskýrslu verður leitað til landeigenda um nánari upplýsingar varðandi vatnsból sem hér eru nefnd.</li> </ol>

<sup>8</sup> Landsnet 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheildarlína 1: <https://www.landsnet.is/library?itemid=b52b9adc-7953-4152-a0c6-09b55773c715>

		<p><b>1.</b> Valkostur B3 felur í sér línulögn yfir Hvítá fyrir landi Neðra-Ness skammt neðan hins forna Langholtsvaðs. Eftir að yfir ána kemur færi línán yfir svokallaðan Dýjaflóa (votlendi) og síðan við suðurausturjaðar stórrar túnræktar sem liggur talsvert hærra í landinu. Þarna var áður örfoka melur sem græddur hefur verið upp að mestu leyti og ýmist notaður sem slægjuland eða til kornræktar. Á haustin safnast þarna fyrir hópar af álftum og gæsum, einkum þegar sáð hefur verið korni á svæðinu. Viss áflugshætta þessara fuglategunda verður því að teljast vera fyrir hendi, einkum að haustlagi.</p> <p><b>2.</b> Undir melasvæðinu, allt austur að Hörðuhólum neðanverðum, er að finna öflugt forðabúr afbragðs neysluvatns sem nýtt hefur verið um fimm áratuga skeið fyrir lögbýlið Neðra-Nes og sumarhús við Hörðuhóla. Í seinni tíð hefur það einnig þénað veiði- og frístundahúsum í landi Hamraenda. Svæðið hefur ekki verið kannað jarðfræðilega að neinu marki, en sú hætta er þó fyrir hendi að of mikið jarðrask kunni að spilla vatnsbólum svæðisins bæði hvað varðar gæði og magn nýtanlegs neysluvatns.</p> <p><b>3.</b> Á melasvæðinu, sem minnst er á í lið 1, var áður fyrr ákjósanlegur lendingarstaður fyrir minni flugvélar og eitt dæmi um að þar hafi lent sjúkraflygvél áður en vegasamband komst á við Neðra-Nes. Enda þótt ekki sé á döfinni að byggja þarna flugvöll á næstunni, er rétt að benda á að unnt er að koma þarna fyrir flugbraut í stefnu vestur-austur án mikils tilkostnaðar með lengd allt að 900 m. Línulögn skv B3 myndi lenda við austurenda slíkrar brautar og því torvelda nýtingu vegna takmörkunar á aðflugi og aukinnar hættu við landingu.</p> <p><b>4.</b> Skammt austan núverandi sumarbústaðavegar er áætlað skv valkosti B3 að línán breyti um stefnu og fari beina leið um skarð milli Stórahóls og neðanverðra Kaðalstaðakletta í stefnu á Byggðalínu handan Hvítár. Þetta myndi kalla á verklegri staurastæðu við beygjuna á mjög áberandi stað í landslaginu í námunda við afgirta skógræktar- og sumarbústaðasvæðið við Hörðuhóla, sem er rétt sunnan þess hluta línunnar sem þarna er dreginn.</p> <p><b>5.</b> Línustæðið mun með þessum hætti liggja verulega hærra í landi en núverandi stæði Byggðalínunnar og tilgreindir valkostir B1 og B2. Sjónræn áhrif línunnar verða þar af leiðandi mun meiri en ella. Þeirra áhrifa mun ekki aðeins gæta frá þeim bæjum sem næst standa (Neðra-Nes, Skógarnes, Efra-Nes og Kaðalstaðir) heldur einnig frá Hamraendum, Stafholtsveggjum og Bakkakoti sem og landspildu Nestjarnar í næsta nágrenni. Gamla línán og valkostir B1 og B2 eru á hinn bóginn einstaklega vel valdir með tilliti til sjónrænna áhrifa á ofangreinda staði. Þeir kostir liggja lágt í landinu, lenda í hvarfi við Kaðalstaðaklettana og Hörðuhólana ásamt því að vera minna áberandi séð frá bæjum handan Hvítár en valkostur B3.</p> <p><b>6.</b> Svæðið umhverfis Hörðuhóla er í hugum eigenda jarðanna framtíðarland fyrir skógrækt og sumarhús. Þegar hafa verið reist tvö sumarhús í landi Neðra-Ness og allmikil skógrækt komin á því svæði. Vegtenging og aðrir innviðir (þriggja fasa rafmagn, neysluvatnsból) eru nú þegar fyrir hendi fyrir framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Línulögn þarna setur þessi áform öll í uppnám.</p> <p><b>7.</b> Valkostur B3 hefur í för með sér nýtt línustæði um land Kaðalstaða til viðbótar núverandi Byggðalínu um jörðina. Miðað við að núverandi lína verði ekki tekin niður, sem engin ákveðin fyrirheit hafa verið gefin um, er því ljóst að Kaðalstaðir verða fyrir miklum áhrifum vegna þeirra raflínulagna sem hér um ræðir.</p> <p><b>8.</b> B3 er ekki nauðsynlegur valkostur til að koma til móts við meginatriði í mótbárum eigenda Langholts/Laugarholts um nálægð línustæðis við bæjarstæði.</p>	<p>3. Í umsögninni er hugleiðing um að mögulegt sé að koma flugbraut fyrir á svæðinu. Ekki er þekkt að til standi að gera slíkt mannvirki. Í matinu verður horft til þess að flugvöllur við Stóra Kropp er á skipulagi en einnig verða áform um flugbraut við Stafholtsey skoðuð í ljósi laga um loftferðir nr. 60/1998.</p> <p>4. Landsnet þakkar ábendinguna. Þessu tengt er vísað í kafla 9.9 í matsáætlun um landbúnað og skógrækt.</p> <p>5. Vísað er í kafla 9.6 í matsáætlun um ásýnd. Landsnet þakkar ábendinguna, sem verður höfð til hliðsjónar við val á ljósmyndastöðum vegna mats á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.</p> <p>6. Vísað er í kafla 9.9 í matsáætlun um landbúnað og skógrækt.</p> <p>7. Vísað er í kafla 9.9 í matsáætlun um landbúnað og skógrækt.</p>
29	Magnús Skúlason, Norðtungu	<p>Bent er á að þó að standi skýrum stöfum í skýrslunni sjálfri að aðalvandamálið sé flutningur rafmagns milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar er ekki tekinn til athugunar valkostur línu þar á milli sem er styttri og raskar búsetu og ræktun mun minna, þ.e. yfir Kjöl.</p>	<p>Línuleið um Kjöl uppfyllir ekki markmið Landsnets um framtíðarþróun meginflutningskerfisins. Lína á milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar myndi sneiða hjá Vesturlandi, Vestfjörðum, ásamt hluta af Norðurlandi vestra og minnka möguleika á að auka afhendingaröryggi, og á að tengja nýja notendur og framleiðendur orku við kerfið. Í áformum um styrkingu meginflutningskerfisins er</p>

			<p>gert ráð fyrir að nýr afhendingarstaður á Holtavörðuheidi verði lykilpunktur fyrir orkuafhendingu og tengingu nýrra orkuframleiðslueininga við kerfið, m.a. þegar horft er til orkuframleiðslu og/eða raforkunotkunar á Vesturlandi og Vestfjörðum.</p> <p>Núverandi 132 kV línakerfi hefur takmarkaða flutningsgetu og mun ekki ná að þjóna því hlutverki sem nokkru nemur og kemur því ekki í stað nýrrar 220 kV línu. Eldri línur geta samt sem áður þjónað hlutverki í tengingu svæðisbundinna flutningskerfa við meginflutningskerfið auk þess að tengja minni notendur og orkuframleiðendur við kerfið eftir því sem þörf verður á.</p> <p>Framangreind kerfisleg staða fyrirhugaðrar línu ræður meiru um þá niðurstöðu að leggja ekki mat á valkost um Kjöl, heldur en þingsályktunartillögur sem vísað er til. Sjá nánar svör við leið um Kjöl í töflu 2.3 í Valkostaskýrslu Landsnets (hugmynd nr. 16).<sup>9</sup></p> <p>Áætlað er að samhliða umhverfismati á Holtavörðuheidarlínu 1 verði gerðar kerfisgreiningar til að skilgreina og tímasetja endurnýjun flutningsmannvirkja á áhrifasvæði línunnar. Þar verða skoðaðir möguleikar á að setja línur á lægri spennu í jörðu. Sjá nánar í kafla 4.3.2 í matsáætlun.</p>
30	Magnús Skúlason, Norðtungu	<p>Lagðir hafa verið fram þrjú kostir um legu línunnar um Þverárhlið, C1, C2 og C4. Þessir valkostir ef af verður munu skerða verulega möguleika á breyttri landnotkun og búsetu í Norðtungu. Nú þegar liggur eldri byggðalína um Norðtunguland. Ég hafna því algerlega að línan fari um Norðtungu og auki þannig á núverandi sjónmengun sem fylgir eldri byggðalínu. Vakin er athygli á að tvær tillögur að legu línunnar eru teiknaðar yfir fyrirhugað land undir frístundabyggð í Norðtungu sem hefur verið tekið úr landbúnaðarnotkun. Það er ekki pláss fyrir þetta stór mannvirki á láglandi Þverárhliðar án þess að varanlega skerðing verði á búsetuskilyrðum og afkomumöguleikum íbúa.</p>	<p>Í umhverfismati verður fjallað um hvernig valkostir samræmast gildandi skipulagsáætlunum, t.d. varðandi frístundabyggð og skógrækt. Þó verður einnig horft til ábendinga eins og þeirra sem hér er fjallað um. Lagt verður mat á sjónræn áhrif línukosta og hvar á línuleiðinni sjónrænn ávinningur og annar ávinningur verður mestur af því að annað hvort samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu.</p>
31	Magnús Skúlason, Norðtungu	<p>Auðvelt væri fyrir Landsnet að vernda náttúru og búsetuskilyrði með því að velja línustæði til dæmis yfir Tvídæguru og suður Síðufjall í átt að Kljáfoss. Annar möguleiki væri að fara með línuna yfir Kjöl. Þriðji möguleikinn væri að fara með línuna frá Holtavörðuheidi og niður eftir Grjótháls.</p>	<p>Vísað er í svar 29 hér að ofan varðandi línuleið um Kjöl.</p> <p>Vísað er í rökstuðning í valkostaskýrslu varðandi umfjöllun um hugmyndir að línuleið yfir Tvídæguru (nr. 15 í töflu 2.3) og suður Síðufjall (nr. 9 í töflu 2.2) en leiðin sem hér er lýst er að mestu sambærileg þeim. Þar er rökstutt af hverju var ákveðið að taka leiðirnar ekki inn sem valkosti.<sup>10</sup></p> <p>Línuleið frá Holtavörðuheidi niður eftir Grjóthálsi er erfitt línustæði með flóknu landslagi klettahæða. Línu mun bera þar hátt og vera mjög sýnileg. Þegar suðvestar dregur tekur við allmikil byggð og sumarhúsasvæði áleiðis að Vatnshömrum. Þarna er engin lína fyrir. Vegalengd yrði svipuð og að fylgja núverandi línu. Reikna þarf með miklu veðurálagi á mun lengri kafla en ef eldri línu er fylgt, rekstraröryggi línunnar yrði því minna. Því mun Landsnet ekki meta leið niður eftir Grjóthálsi sem valkost.</p>
32	Pétur Diðriksson og Vilhjálmur Diðriksson, Helgavatni	<p>Landeigendur sem jafnframt eru ábúendur á Helgavatni í Þverárhlið gera alvarlegar athugasemdir við valkosti sem lagðir eru fram í matsáætlun vegna Holtavörðuheidarlínu 1 sem gefin er út af Verkís fyrir Landsnet 28. apríl 2022.</p> <p>Í töflu 4.1 eru valkostir Holtavörðuheidarlínu 1 sem teknir verða fyrir í umhverfismati taldir upp. Þar er valkostur C4, Þverárhliðarleið um Helgavatnsskóg einn af valkostunum. Landeigendur á Helgavatni mótmæla þessum valkosti sem leið fyrir umrædda línu og vilja að fallið verði frá þessum valkosti og umrædd leið verði því ekki tekin í umhverfismat.</p> <p>Ástæður fyrir því að ekki eigi að hafa þetta sem valkost eru meðal annars eftirtaldir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hluti þessa lands sem línan færir um er um hundrað og tuttugu hektara náttúrlegur og ósnertur birkiskógur á þurru flatlandi og landi sem hallar á móti suðri. Þessi skógur hefur verið alfriðaður fyrir beit í áratugi. Í gegnum þetta svæði liggja gamlar leiðir milli bæjanna Norðtungu og Helgavatns og á milli Högnastaða og Helgavatns og Grjótsgata sem liggur frá þessum leiðum að Grjóti, þessar götur eru færar og sjást greinilega og hefur verið haldið við.</li> </ul>	<p>Rökstudd umsögn um valkostaskýrslu leiddi til þess að valkostar C4 er lagður fram í matsáætlun. Í umhverfismati Holtavörðuheidarlínu 1 verður lagt mat á mismunandi valkosti um línuleið og þeir bornir saman við valkost meðfram núverandi línuleið (A-D). Í því felst m.a. að lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt (kafla 9.9 í matsáætlun), ferðaþjónustu og útivist (kafla 9.8), ásynnd (kafla 9.6), landslag (kafla 9.7). Tekið verður mið af ábendingu um veiðihús Veiðifélags Þverár við val á ljósmyndastöðum vegna mats á áhrifum framkvæmdarinnar á ásynnd. Í umhverfismati verður jafnframt horft til möguleika á að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Niðurstaða samanburðar á valkostum mun liggja fyrir þegar umhverfismatskýrsla verður kynnt. Niðurstaða matsins verður ein forsenda fyrir ákvörðun um aðalvalkost Landsnets sem kynntur verður í umhverfismatskýrslu.</p>

<sup>9</sup> Landsnet 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheidarlína 1: <https://landsnet.is/library?itemid=b52b9adc-7953-4152-a0c6-09b55773c715>

<sup>10</sup> Landsnet 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheidarlína 1: <https://www.landsnet.is/library?itemid=b52b9adc-7953-4152-a0c6-09b55773c715>

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Helgavatnsskógur er framhald af birkiskógi sem á upptök sín inn á Kjarárdal sem vex með hlíðum Örnólfsdalsár niður að Helgavatnsskógi sem endar með Norðtunguskógi fyrir neðan Helgavatnsskóg. Hluti af ofangreindu landi Helgavatns og Örnólfsdals er nýttur undir sumarhús og í landi Helgavatns stendur veiðihús Veiðifélags Þverár sem hýsir hundruð gesta á hverju sumri sem kaupa veiðileyfi af eigendum Þverár.</li> <li>• Fari línun um þetta land mun hún blasa við gestum í veiðihúsinu úr stofu, matsal og útiverönd. Þess má geta að mikið víðsýni er úr veiðihúsinu til Skarðsheiðar, Hafnarfjalls, Vikrafells og Baulu ásamt útsýni á Grjótháls og Síðufjall og niður eyrar Örnólfsdalsár, niður að kirkjustaðnum Norðtungu og ósnertum Bugaskógi Helgavatns þar sem fyrirhugað línustæði er.</li> <li>• Hluti þessa lands er eins og áður hefur komið fram ósnert og er því mjög verðmætt fyrir komandi kynslóðir til að nýta eða eftir atvikum að halda óbreyttu. Háspennulína í gegnum þetta land eyðileggur hluta af fegurð þessa landsvæðis og gerir að verkum að enginn mun hafa áhuga á að setja sig niður á þessu svæði undir og í nálægð við línuna.</li> <li>• Lega línunnar um Helgavatnsskóg mun hækka hana frá sjávarmáli um fleiri metra miðað við að hafa hana meðfram gömlu línunni. Norðtunguskógur liggur neðar en Helgavatnsskógur á milli eru svo nefndar Móabrekkur.</li> <li>• Að öllu ofantöldu er óskynsamlegt að taka þetta land undir Holtavörðuheiðarlínu 1 á þessu svæði þó að þröngt sé meðfram gömlu línunni</li> </ul> <p>Landeigendur á Helgavatni gera sér grein fyrir að reisa þurfi Holtavörðuheiðarlínu 1 til að tryggja öryggi í flutningi á raforku um Ísland. Verði niðurstaðan sú að línun verði að fara um Þverárhliðina teljum við að hún eigi að vera sem næst gömlu línunni til að hindra að til verði tvö mannvirkjabelti. Við höfum fullan skilning á að landeigendur í Þverárhlið þar sem gamla byggðalínan fer um hafi fyrirvara um að lögð verði ný lína við hlið þeirra gömlu. Það er ekki lausn á málinu að fara með línuna eitthvert annað í nágrenninu og búa til annað mannvirkjabelti í gegnum óraskað land eins og valkostur C4 mun hafa í för með sér.</p> <p>Í Þverárhliðinni við Norðtunguskóg er þröngt um línuna og áskorun að koma henni fyrir, en vegna aðstæðna á þessu landsvæði verður hún að fara sem næst gömlu línunni þar sem Norðtunguskógur og óraskaður Helgavatnsskógur er rétt austan við. Það er því okkar mat að þetta sé eina leiðin til að fara um Þverárhliðina. Á þessu svæði liggur núverandi byggðalína og þetta landsvæði er raskað af landbúnaði og liggur lægst sem gerir línuna minna áberandi áður en hún fer upp á Grjótháls.</p>	
33	Pétur Diðriksson og Vilhjálmur Diðriksson, Helgavatni	<p>Í matsáætluninni um Holtavörðuheiðarlínu 1 bls. 8 segir Landsnet að leitað hafi verið eftir ábendingum og hugmyndum um ákjósanlega línuleið með landeigendum og verkefnaráði sumarið 2021. Í sömu skýrslu segir að Landsnet hafi gert tillögur að sjö valkostum sem settir voru fram í sérstakri valkostaskýrslu og að skýrslan hafi verið kynnt á vef Landsnets og á fjarfundum með landeigendum og verkefnaráði.</p> <p>Þegar matsáætlunin kemur út apríl 2022 er búið að bæta við tveimur valkostum eftir að valkostaskýrslan kemur út 2.12.2021 varðandi legu Holtavörðuheiðarlínu 1 ein af þeim er C4, Þverárhliðarleið um Helgavatnsskóg. C4 leiðin var aldrei kynnt fyrir landeigendum Helgavatns áður en hún var sett í matsskýrsluna og kunnum við Landsneti litlar þakkir fyrir að hafa ekki kynnt þennan valkost fyrir okkur áður en hún birtist okkur í matsskýrslunni.</p>	<p>Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal leggja fram valkosti vegna fyrirhugaðra framkvæmda í matsáætlun. Við undirbúning matsáætlunar vann Landsnet valkostagreiningu. Leitað var eftir samráði við landeigendur á núverandi línuleið eins og tók voru á, þar sem ljóst var að sú leið væri ákjósanlegur valkostur.</p> <p>Í kynningu og vinnu við valkostagreininguna komu hugmyndir að öðrum valkostum um línuleiðir.<sup>11</sup> Þá var í kjölfarið haft samband við viðkomandi landeigendur fyrir útgáfu matsáætlunar, þegar ljóst var hvaða valkostir yrðu lagðir þar fram.</p>
34	Sigurður H. Blöndal, Stafholtsey	<p>Við samþykkingum ekki leið B3 sem fer nálægt Stafholtsey.</p> <p>Verið er að byggja upp ferðaþjónustu og hugmyndir um lítinn flugvöll á túni þarna.</p> <p>Þetta er alltof nálægt sveitabænum</p>	<p>Í matsáætlun er ekki sett fram nákvæm lega valkosta og verður hún útfærð m.a í umhverfismatsskýrslu þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir. Í umhverfismatsskýrslu verða valkostir Holtavörðuheiðarlínu 1 metnir og bornir saman, m.a. kostur B3 og valkostur meðfram</p>

<sup>11</sup> Holtavörðuheiðarlína 1 - Valkostagreining – Umsagnir og viðbrögð Landsnets við þeim: <https://www.landsnet.is/library/?itemid=990bfc79-3217-409c-94e6-edd9e22c8f8e>



			núverandi línuleið (A-D). Í matinu verður horft til þess að flugvöllur við Stóra Kropp er á skipulagi en einnig verða áform um flugbraut við Stafholtsey skoðuð í ljósi laga um loftferðir nr. 60/1998. Endanleg útfærsla og hönnun aðalvalkostar verður útfærð í samráði við viðkomandi landeigendur eins og hægt er. Sú vinna fer ekki fram fyrr en í kjölfar þess að umhverfismatskýrsla hefur verið lögð fram.
35	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Lagðir hafa verið fram 3 valkostir um okkar land þ.e. valkostur AD, B2 og B3. Með vísan í umsögn okkar um valkostagreiningu að þá lögðumst við eindregið á mót AD valkosti og að núverandi byggðalína yrði látin standa. Valkostur B3 er ill skársti kosturinn ef núverandi byggðalína yrði fjarlægð úr okkar landi, t.d. hengd á fyrirhugaða Holtavörðuheiðarlínu 1 (sjá fylgiskjal 2). Lega núverandi byggðalínu er ekki í samræmi við núverandi hugmyndafræði er varðar varðveislu á ræktunarlandi, sjálfbærni og fæðuöryggi þjóðarinnar. Byggðalínan var lögð á áttunda áratug síðustu aldar og áherslur hafa mikið breyst er varðar varðveislu ræktaðs lands. Nú eru þeir tímar að skortur er á fæðu í heiminum, matarverð er að hækka, Matarverðsvísitala FAO er á uppleið og því aldrei mikilvægara en nú að standa vörð um allt það ræktunarland sem Íslendingar hafa yfir að ráða. Byggðalínan var lögð í ræktunarland bænda hér í Borgarfirði af þeirri einföldu ástæðu að auðveldara var að reisa staurastæður í túnin en að reisa þær í holtum (urð og grjóti). Mögulega hefur veður spilað einni þarna inn í þar sem ræktunarland liggur yfirleitt frekar lágt í landi. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í umsögn sé skilgreining valkosta til umfjöllunar út frá sínu starfssviði. Við sem landeigendur og bændur viljum benda á breytta tíma. AD valkostur er gamaldags, afleitur og tekur ekki mið af breyttri heimsmýnd, sjálfbærni eða fæðuöryggi þjóðarinnar. Því leggjum við til valkost sem tekur mið af þessum áherslum þar sem fyrirhuguð Holtavörðuheiðarlína 1 er færð frá ræktuðu landi og eftir Grjóthálsinum (sjá fylgiskjal 3) sem teygir sig niður héraðið og er almennt talið rýrt land. Þessi leið er um rúmum km styttri en lagnaleið núverandi byggðalínu. Þegar Sultartangalína 3 var lögð var valinn sá valkostur að fara með línuna upp á hálsinn á milli Svínadals og Hvalfjarðar. Þannig var komist hjá því að skerða dýrmætt landsvæði sem gat nýst til frístundabyggðar og ræktunnar. Það að fara eftir Grjóthálsinum er mjög sambærilegur valkostur hvað þetta varðar. Það eru ekki aðeins staurastæðurnar með stögum sem taka landsvæði, heldur er einnig fyrirhugað að leggja vegi meðfram línunni og ætla má að vegurinn eyðileggi allt að 10 m belti að meðaltali. Þetta þýðir að þegar farið er yfir einn km ræktarlands er eyðilagður ræktunarmöguleiki sem nemur einum hektara lands, tilsvarendi um 5000 kg byggs árlega við núverandi aðstæður, eða ef um hveiti er að ræða í framtíðinni eru þetta um 10 þúsund brauð á hvern km árlega. Matsáætlunin er algerlega ófullburða varðandi umfjöllun um landbúnað, ræktað land og fæðuöryggi. Til upprifjunar þá snýst fæðuöryggi um það að fólk hafi mat til að borða, en það er alger grunnþörf hvers mannsbarns að hafa aðgengi að mat. Það er mikilvægara en að hafa aðgengi að orku svo dæmi sé tekið.	Línuleið frá Holtavörðuheiði niður eftir Grjóthálsi er erfitt línustæði með flóknu landslagi klettahæða. Línu mun bera þar hátt og vera mjög sýnileg. Þegar suðvestar dregur tekur við allmikil byggð og sumarhúsasvæði áleiðis að Vatnshömrum. Þarna er engin lína fyrir. Vegalengd yrði svipuð og að fylgja núverandi línu. Reikna þarf með miklu veðurálagi á mun lengri kafla en ef eldri línu er fylgt, rekstraröryggi línunnar yrði því minna. Því mun Landsnet ekki meta leið niður eftir Grjóthálsi sem valkost. Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á mismunandi valkosti um línuleið og þeir bornir saman við valkost meðfram núverandi línuleið (A-D). Í því felst m.a. að lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt (kafla 9.9 í matsáætlun), sem m.a. fjallar um áhrif slóðagerðar á landnýtingu. Í umhverfismati verður jafnframt horft til möguleika á að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Niðurstaða samanburðar á valkostum mun liggja fyrir þegar umhverfismatskýrsla verður kynnt. Niðurstaða matsins verður ein forsenda fyrir ákvörðun um aðalvalkost Landsnets sem kynntur verður í umhverfismatskýrslu.
36	Sigurður A. Ármannsson	<i>Nýja raflínu alfarið samhliða eldri línu</i> Þar sem í matsáætlun er tekið fram að nýja línan eigi að leysa af hólmi þá gömlu er rökrétt og beinlínis skylt að láta nýju línuna liggja eins nærri þeirri eldri eins og hægt er þannig að nýta megi eldri slóða vegna þeirrar línulagnar við gerð þeirrar nýju. Þar með einnig að nýta sömu slóða þegar eldri lína verður fjarlægð - sem liggur í hlutarins eðli þegar sú nýja leysir þá eldri af hólmi og þar með lágmarka rask í landinu	Fjallað er um endurnýjun byggðalínu í Kerfisáætlun Landsnets. Orðið endurnýjun er notað í kerfisáætlun þegar ný lína er gerð. Það þýðir ekki endilega að eldri línan fari því hún getur fengið nýtt hlutverk í flutningskerfinu. Núverandi vegslóðir og vegir verða nýtt eftir því sem kostur er og í umhverfismatskýrslu vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 verður nánar fjallað um umfang slóðagerðar og mastraplana, sem jafnframt tengist mati á áhrifum framkvæmdarinnar á landbúnað, gróður og fornleifar.
37	Þórarinn Blöndal, Þorvaldur Blöndal, Þórmundur Blöndal, Laugarholti	<i>Landeigendur vísa í fyrri ábendingar um valkostaskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1 þar sem [g]erðar hafa verið athugasemdir við áform í Bæjarsveit, sérstaklega um land Langholts og Laugarholts.</i> Landeigendur Laugarholts benda á og leggja sérstaka áherslu á að verulega skortir á að matsáætlun geri ráð fyrir að lagt verði mat á kost sem bent hefur verið á að hafi mun minni umhverfisáhrif í för með sér, þ.e. yfir Kjöl. Sé tekið tillit til heildarhagsmuna og umhverfisáhrifa þá myndi sá kostur raska búsetu og ræktun mun minna en núverandi kostir gera ráð fyrir.	Línuleið um Kjöl uppfyllir ekki markmið Landsnets um framtíðarþróun meginflutningskerfisins. Lína á milli Blönduvirkjunar og Hvalfjarðar myndi sneiða hjá Vesturlandi, Vestfjörðum, ásamt hluta af Norðurlandi vestra og minnka möguleika á að auka afhendingaröryggi, og á að tengja nýja notendur og framleiðendur orku við kerfið. Í áformum um styrkingu meginflutningskerfisins er gert ráð fyrir að nýr afhendingarstaður á Holtavörðuheiði verði lykilstærður fyrir orkuafhendingu og tengingu nýrra orkuframleiðslueininga við kerfið, m.a. þegar horft er til orkuframleiðslu og/eða raforkunotkunar á Vesturlandi og Vestfjörðum.

		<p>Við leggjumst eindregið gegn valkosti A-D og að núverandi byggðalína verði látin standa. Við teljum B3 skásta kostinn af þeim sem settir hafa verið fram ef núverandi byggðalína yrði fjarlægð af landi Langholts og Laugarholts. Af þessu tilefni tókum við undir athugasemdir sem landeigendur Langholts hafa sent inn, þ.e. núverandi byggðalína er langt í frá í samræmi við nútíma hugmyndafræði um varðvæslu á ræktunarlendi, sjálfbærni og fæðuöryggi þjóðarinnar. Eins og þar er bent á er annar valkostur tækur sem tæki betur mið af þessum áherslum þar sem fyrirhuguð Holtavörðuheidiarlína 1 væri færð frá ræktuðu landi og eftir Grjóthálsinum sem er almennt talið rýrt land. Þessi leið er rúmum km styttri en lagnaleið núverandi byggðalínu og kemur í veg fyrir að verðmætt land þar sem stunduð er ræktun, landbúnaður og ferðaþjónusta og að verðmætu veiðisvæði sé fórnað og um leið tekið mið af og tillit til heildarhagsmuna sem eru undir.</p> <p>Í athugasemdum til Landsnets voru jafnframt gerðar almennar athugasemdir við þær forsendur sem byggt var á við skýrsluna, bent á að rannsókn málsins væri ábótavant, litið hafi verið framhjá mikilvægum matsþáttum sem og að tilgangur framkvæmdarinnar sé ekki byggur á traustum eða fullnægjandi forsendum. Á sambærilegum sjónarmiðum er byggt í umsögn nágranna okkar í Langholti sem við tókum heilshugar undir að öllu leyti.</p>	<p>Núverandi 132 kV línukerfi hefur takmarkaða flutningsgetu og mun ekki ná að þjóna því hlutverki sem nokkru nemur og kemur því ekki í stað nýrrar 220 kV línu. Eldri línur geta samt sem áður þjónað hlutverki í tengingu svæðisbundinna flutningskerfa við meginflutningskerfið auk þess að tengja minni notendur og orkuframleiðendur við kerfið eftir því sem þörf verður á.</p> <p>Framangreind kerfisleg staða fyrirhugaðrar línu ræður meiru um þá niðurstöðu að leggja ekki mat á valkost um Kjöl, heldur en þingsályktunartillögur sem vísað er til. Sjá nánar svör við leið um Kjöl í töflu 2.3 í Valkostaskýrslu Landsnets.<sup>12</sup></p> <p>Línuleið frá Holtavörðuheidi niður eftir Grjóthálsi er erfitt línustæði með flóknu landslagi klettahæða. Línu mun bera þar hátt og vera mjög sýnileg. Þegar suðvestar dregur tekur við allmikil byggð og sumarhúsasvæði áleiðis að Vatnshörmum. Þarna er engin lína fyrir. Vegalengd yrði svipuð og að fylgja núverandi línu. Reikna þarf með miklu veðurálagi á mun lengri kafla en ef eldri línu er fylgt, rekstraröryggi línunnar yrði því minna. Því mun Landsnet ekki meta leið niður eftir Grjóthálsi sem valkost.</p>
<b>Kafli 5.1</b>		<b>Efnisatriði: Loftlína</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
38	Gunnar Jónsson, Króki	<p>Á fundinum var bent á þann galla á þeirri hugmynd,sem hér er önnur í röðinni að verði Byggðalínan aflögð sé Holtavörðulína 1 komin á óviðeigandi möstur. Ég þekki ekki þá gerð mastra,sem hér er tilgreind,sem þriðji möguleikinn. Væri hugsanlegt að breyta þeim þannig að þau henti,verði Byggðalínan aflögð?</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verður fjallað nánar um mismunandi gerðir tvírása mastra, en til eru nokkrar útfærslur þeirra.</p> <p>Sjá nánar kafla 5.1 í matsáætlun.</p>
<b>Kafli 5.2</b>		<b>Efnisatriði: Slóðir</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
39	Gunnar Jónsson, Króki	<p>Með Byggðalínunni var rudd slóð,sem sums staðar í Krókslandinu er sæmilega nothæf á viðeigandi farartækjum.Hún liggur norðan megin línunnar á helgunarsvæði hennar. Í Matsáætluninni virðist mér vera gert ráð fyrir varanlegri slóð með línunni.Pað tel ég vera hyggileg áform.</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um slóðagerð. Við vinnslu aðalvalkostar Holtavörðuheidiarlínu 1 verða slóðir útfærðar nánar í samráði við landeigendur. Sjá nánar kafla 5.2 í matsáætlun.</p>
40	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	<p>Í kafla 8 Vinsun umhverfisþátta kemur fram að ekki þurfi að meta viðhald slóða út frá neinum umhverfisþætti. Samkvæmt því er verið að segja að viðhald slóðanna verði ekkert um ókomna tíð. Ekki kemur fram í matsáætlun áætluð lengd slóða. Slóði mun liggja meðfram Holtavörðuheidiarlínu 1 sem er áætluð 90 km löng. Einnig verða afleggjarar að möstrum línunnar og plön undir þeim. Yfirborðsbreidd slóða verða að jafnaði 4,5 m breiðir. Slóðar eru því stór hluti framkvæmdarinnar með tilheyrandi umhverfisáhrifum. Ef slóðar og afleggjarar eiga að þjóna sem rekstrarvegir að þá þarf að viðhalda þeim sem slíkum með tilheyrandi efnistöku og jarðraski, því er óskiljanlegt að ekki þurfi að meta viðhald slóða út frá neinum umhverfisþætti.</p>	<p>Ekki er gert ráð fyrir að í matsáætlun er sett sé fram nákvæm útfærsla valkosta, sbr. 11. gr. reglugerðar nr.1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Hins vegar eru nánari upplýsingar um framkvæmdina settar fram í umhverfismatskýrslu. Núverandi vegslóðir og vegir verða nýtt eftir því sem kostur er og í umhverfismatskýrslu vegna Holtavörðuheidiarlínu 1 verður nánar fjallað um umfang slóðagerðar og mastraplana, sem jafnframt tengist mati á áhrifum framkvæmdarinnar á landbúnað, gróður og fornleifar.</p> <p>Umferð um slóðir á rekstartíma á línu mjög takmörkuð, að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári og þörf á viðhaldi slóða er lítið. Niðurstaða vinsunar umhverfisþátta var því að slóðir á rekstartíma hafi ekki merkjanleg áhrif á umhverfisþætti.</p>
<b>Kafli 9</b>		<b>Efnisatriði: Mat á umhverfisáhrifum</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
41	Jón Þ. Guðmundsson og Ástríður Jónasdóttir, Galtarholti	<p>Við væntum þess að við frekari umfjöllun um línuleiðina verði valin sú staðsetning, sem raskar sem minnstu í umhverfinu og fullt tillit verði tekið til sjónrænna áhrifa og hljóðvistar í næsta nágrenni.</p>	<p>Umhverfismat framkvæmda felst í að meta og upplýsa um líkleg áhrif tiltekinna framkvæmda á umhverfið. Áhrifin eru greind, vægi þeirra metið og lagt til hvernig bregðast skuli við þeim. Þannig er leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar.</p>
42	Lövenskjöld	<p>Lövenskjöld ehf, eigandi Háreksstaða í Norðurárdal, mótmælir frekari lagningu raflína í gegnum land jarðarinnar.</p>	<p>Vísað er í viðeigandi kafla matsáætlunar um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í umsögninni:</p> <p>- 9.6 Ásýnd</p>

<sup>12</sup> Landsnet 2021. Valkostagreining. Holtavörðuheidiarlína 1: <https://landsnet.is/library?itemid=b52b9adc-7953-4152-a0c6-09b55773c715>

		Háreist möstur valda m.a. sjónmengun, hljóðmengun og minnka nýtanlegt land jarðarinnar og setja nýtingu allrar jarðarinnar skorður til framtíðar. Því er alfarið lagst gegn fyrirhugaðri framkvæmd við Holtavörðuheiðarlínu 1 í gegnum land jarðarinnar.	- 9.9 Landbúnaður og skógrækt - 9.11 Heilsa Í umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 1 verður lagt mat á mismunandi valkosti um línuleið og þeir bornir saman við valkost meðfram núverandi línuleið (A-D). Í því felst m.a. að lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt, sem byggt verður á rannsóknum Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins, en jafnframt horft til möguleika á að samnýta möstur eða leggja nærliggjandi línur í jörðu. Niðurstaða úr þeim samanburði mun liggja fyrir þegar umhverfismatskýrsla verður kynnt. Niðurstaða matsins verður ein forsenda fyrir ákvörðun um aðalvalkost Landsnets sem kynntur verður í umhverfismatskýrslu, þegar búið verður að vinna rannsóknir og meta alla valkosti.
43	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Við lýsum þungum áhyggjum okkar yfir því að sbr. kafla 9 Mat á umhverfisáhrifum á ekki að meta áhrif valkosta línuleiða, slóðagerðar og efnistöku á <b>sjálfbærni þjóðarinnar, matvælaöryggi og ræktunarland</b> . Þörf er á að fjalla sérstaklega um þessa þætti en ekki undir liðum eins og landbúnað og skógrækt eða einstök vistkerfi. Mikilvægt er að meta áhrifin út frá hagrænum og efnahagslegum þáttum og þjóðaröryggi.	Efni umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 1 byggir á 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2020, sem tilgreinir þá umhverfisþætti sem skal greina, lýsa og meta. Hvað varðar áhrif Holtavörðuheiðarlínu 1 á sjálfbærni þjóðarinnar og áhrif á á matvælaöryggi fær Landsnet ekki séð hvernig hægt verði að fá fram samanburð á áhrifum einstaka valkosta línuleiðar eða einstakrar framkvæmdar í flutningskerfinu á sjálfbærni Íslands. Eins og fram kemur í kafla 9.9. í matsáætlun verður lagt mat á landbúnað. Matið mun byggja á greiningu Rannsóknamiðstöðvar Landbúnaðarins (RML) þar sem sérstaklega er byggt á gögnum um ræktunarland og búrekstur á línuleiðum. Til upplýsinga má benda á sérfræðiskýrslu RML vegna Blöndulínu 3 en ætlunin er að vinna sambærilega greiningu fyrir umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu. <sup>13</sup>
<b>Kafli 9.6</b>		<b>Efnisatriði: Ásýnd</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
44	Gunnar Jónsson, Króki	Um landfræði- og náttúruverndarleg viðhorf í Norðurárdal vísa ég í það bréf,sem hér fylgir með í viðhengi,dags. 1771 s.l. Sjónræn áhrif skipta miklu máli á þessum fögru og vinsælu slóðum ferðamanna og útivistarfólks,þar sem rekin eru mikil og vaxandi ferðapjónusta. Víst er um það að háspennulínur eru ekkert augnayndi þó nauðsynlegar séu. Tvær samhliða línur angra auga ferðamannsins á þessum stað helmingi meira en ein slík. Skógurinn,sem þarna er að vaxa upp mun milda þá ásýnd þegar fram líða stundir og er reyndar farinn að gera það. Þegar sú lína er risin á Krókslandinu,sem er ásættanleg, legg ég til að beggja megin hennar, í eystri hluta landsins, verði gróðursettar meðfram helgunarsvæði línunnar þrjár raðir trjáa. Þar verði aspir, stafafura og sitkagreni. Þegar þau tré vaxa upp,verður mun minni sjónmengun, illviðri vetrar munu ekki skaða línuna og rekstraröryggi hennar vex. Þá verður hægt að sinna eftirliti og viðhaldi í skógargöngum þar sem ríkir stöðugt góðviðri á öllum tímum árs.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna.
45	Hrífa ehf., eig. Guðnabakka	Til viðbótar er rétt að nefna skaðsemi sjónmengunar af völdum risamastra, sem nær til margra km fjarlægðar frá línunni, sem og beins landskaða vegna vegaslóða og landraskis við uppsetningu risamastranna og línunnar sjálfar. Lýst er eftir umfjöllun í matsáætlun um þessi atriði. Af þessum sökum m.a. er alfarið lagst gegn fyrirhugaðri lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 yfir land Guðnabakka.	Vísað er í kafla 9.6.3 um rannsóknir og athuganir við greiningu á ásýnd línumannvirkja. Vísað er í aðra undirkafla í kafla 9 í matsáætlun sem fjalla um hvernig meta á áhrif þess að leggja vegslóða og mastraplön (t.d. gróður, fornleifar, landbúnaður og skógrækt).
<b>Kafli 9.7</b>		<b>Efnisatriði: Landslag</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
46	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Í kafla 9.7 Landslag í Matsáætlun Holtavörðuheiðarlínu 1 er fjallað um aðferðarfræði landslagsgreiningar. Mikilvægt er að landslagsgreining og sú aðferðarfræði sem stuðst verði við varpi ljósi á þau landslagsgæði sem eru innan þeirra jarða sem framkvæmdin snertir og gerð grein fyrir hvar mestu umhverfisáhrifin eru af núverandi byggðalínu og	Vísað er í kafla 9.6 um rannsóknir og athuganir við greiningu á ásýnd línumannvirkja og kafla 9.7 varðandi greiningu og flokkun landslagheilða á leið Holtavörðuheiðarlínu 1. Eins og fram kemur í matsáætlun verður stuðst við nýlega kortlagningu á megin landslagsgerðum á Íslandi, sem eru þrjár á leið Holtavörðuheiðarlínu 1. Í umhverfismatskýrslu verða skilgreindar

<sup>13</sup> Borgar Páll Bragason, Eiríkur Loftsson og Sigurður Torfi Sigurðsson (2021). Blöndulína 3 umhverfisáhrif á landbúnað. Samantekt á umfangi landbúnaðar á áhrifasvæði Blöndulínu 3 og möguleg áhrif vegna framkvæmda og reksturs línunnar á landbúnaðarstarfsemi.: <https://www.landsnet.is/library?itemid=f4975fc1-0b59-49b6-81b6-791ab99d2021>

		Holtavörðuheildarlínu 1. Með landslagsgreiningu verði sýnt fram á, á faglegan hátt, hvar möguleg lega Holtaveiðarlínu 1 gæti verið að teknu tilliti til umhverfisáhrifa á landslag, menningarverðmæti og jarðrækt innan jarðanna.	landslagsheildir innan einstakra landslagsgerða, sem byggir á sömu aðferðarfræði og framangreind kortlagning á íslenskum landslagsgerðum gerði.
<b>Kafli 9.8</b>		<b>Efnisatriði: Ferðaþjónusta og útivist</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
47	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Í kafla 9.8 Ferðaþjónusta og útivist er sýnd mynd af helstu viðkomustöðum ferðamanna á mynd 9.1. Við viljum benda á að á Jaðri, sem er í 370 m fjarlægð frá fyrirhugaðri Holtavörðuheildarlínu 1 AD valkosti, rekum við ferðaþjónustu (sjá www.jadarfarm.is ) og höfum gert síðan 2001. Ferðaþjónusta okkar vantar inn á kortið og mikilvægt að metin verði áhrifin af línunni á starfsemi okkar á Jaðri.	Landsnet þakkar fyrir ábendinguna, sem verður höfð til hliðsjónar við val á ljósmyndastöðum vegna mats á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.
<b>Kafli 9.11</b>		<b>Efnisatriði: Heilsa</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
48	Hrífa ehf., eig. Guðnabakka	Hrífa ehf. er eigandi Guðnabakka í Þverárhlið, þar sem gert er ráð fyrir að línan kunni að liggja. Mótmælt er allri háspennulínulögn yfir land Guðnabakka. 220.000 volta háspennulína takmarkar stórkostlega eða eyðileggur alveg notkun lands undir og meðfram þannig raflínu. Fram kefur komið að áhrifasvæði 220.000 volta háspennulínu sé a.m.k. 200 m til hvorrar hliðar. Gera má ráð fyrir rafmagns- og rafseguláhrifum 250 – 300 m til hvorrar hliðar, sem þýðir að 50 – 60 ha. lands verða lítt nothæfir meðfram hverjum km línunnar. Verðmæti lands í Þverárhlið er 1 - 3 millj. króna á hektara eftir tegund nýtingar.	Ekki er ljóst hvers vísað er til varðandi það að áhrifasvæði 220 kV línu sé a.m.k. 200 m til hvorrar hliðar, né heldur er varðar það að rafseguláhrif nái 250 – 300 m til hvorrar hliðar. Í gildi eru íslensk lög um öryggi raforkuvirkja og hefur Neytendastofa opinbert eftirlit með því að þeim sé framfylgt. Samkvæmt reglugerð nr. 586/2004 skal skilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða svokallað helgunarsvæði meðfram háspennulínunum þar sem óheimilt er að reisa mannvirki. Með öðrum orðum er svæðið „helgað“ háspennulínunum. Helgunarsvæði er mismunandi breitt en almennt gildir að því hærri sem spennan er á rafkerfinu því breiðara er helgunarsvæði línunnar. Í skipulagi er gert ráð fyrir að helgunarsvæðið 220 kV lína sé 60-85 m. <sup>14</sup> Nú liggur fyrir raunverulegt helgunarsvæði nýrra 220 kV lína á norðurlandi sem eru sambærilegar og áætluð Holtavörðuheildarlína 1. Það er alla jafna minna og hefur farið í um 50 m breitt belti, 25 m til hvorrar handar. Stuðst hefur verið við það viðmið í samningum um landbætur í nýlegum samningum. Í umhverfismati og skýrslum og gögnum þeim tengdum, er miðað við frekar vítt belti, svipað því sem lagt er til að komi fram í aðalskipulagi. Það gefur þá til kynna mestu mögulegu áhrif sem orðið geta á landnotkun, en í ljósi reynslunnar verða þau að öllum líkindum minni í raun. Umhverfismatið á því ekki að draga upp betri mynd af áhrifunum en þau verða í raun. Í ljósi þessara ábendinga verður skerpt betur á þessum atriðum í umhverfismatskýrslu.  Rafseguláhrif frá 220 kV línu eins og hér um ræðir eru í öllum tilvikum langt undir þeim alþjóðlegu viðmiðum sem sett eru vegna heilsuverndar. Raf- og segulsvið deyr hratt út með fjarlægð frá línu og það er fjarri lagi að áhrifa þeirra gæti 250 m út frá línu. Engar staðfestar niðurstöður liggja fyrir um það hvort segulsvið geti framkallað krabbamein eða aðra sjúkdóma, sé styrkur þess innan viðmiðunarmarka sem sett eru af „International Commission on Non-Ionizing radiation protection“ (ICNIRP). Óljósar vísendingar hafa komið fram í nokkrum faraldsfræðilegum rannsóknum um að langvarandi dvöl í segulsviði hafi framkallað hvítblæði í börnum. Það hefur þó aldrei tekist að sýna fram á það með líffræðilegum prófunum, sem eru nauðsynlegar til þess að staðfesta samhengið. Þessi óvissa á einungis við um langvarandi dvöl. Af þessum sökum hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) ákveðið að flokka segulsvið frá raflínunum sem „mögulega krabbameinsvaldandi“ (flokkur 2B). Í sama flokki eru vörur eins og Aloe Vera, súrsað grænmeti og melamín (er t.d. í fjölda eldhúsáhalda innan veggja flestra heimila). <sup>15</sup>

<sup>14</sup> Landsnet. Háspennulínur – aðgát skal höfð: <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

<sup>15</sup> <https://monographs.iarc.who.int/agents-classified-by-the-iarc/>

			<p>Geislavarnir ríkisins hafa mælt raf- og segulsvið í nágrenni við 29 spennistöðvar á höfuðborgarsvæðinu<sup>16</sup>. Hæsta gildi var 25% af viðmiðunarmörkum ICNIRP upp við vegg spennistöðvar. Afar litlar líkur eru á að styrkur segulsviðs fari yfir viðmiðunarmörkin.</p> <p>Segulsvið frá raflínum er langt undir viðmiðunarmörkunum og deyr hratt út með fjarlægð frá línunni. Það að ferðast undir raflínu er algerlega skaðlaust heilsu fólks (með tilliti til segulsviðs). Norsku geislavarnirnar, DSA, segja á upplýsingasíðum sínum á internetinu að það sé ekki hættulegt að búa eða vera nálægt háspennuvirkjum<sup>17</sup>. Sami aðili hefur gefið út rit um byggingar nærri háspennuvirkjum, uppfært síðast í mars 2022<sup>18</sup>. Þar er m.a. fjallað um þau atriði sem nefnd eru hér að ofan.</p> <p>Vísað er í kafla 9.11 í matsáætlun varðandi mat á áhrifum valkosta á raf- og segulsvið og heilsu og öryggi.</p> <p>Landsnet vill benda á að ýmsar gagnlegar upplýsingar um raf- og segulsvið er að finna á vef fyrirtækisins sbr. eftirfarandi vefslóð:  <a href="https://landsnet.is/library/?itemid=7ca3b871-0538-48a4-828a-44f0a4b6f1e7">https://landsnet.is/library/?itemid=7ca3b871-0538-48a4-828a-44f0a4b6f1e7</a></p>
49	Jón Þ. Guðmundsson og Ástríður Jónasdóttir, Galtarholti	Verði fyrirbyggjandi A1 Bjarnarholtsleið fyrir valinu sem línuleið gerum við kröfu til þess að henni verði þannig fyrir komið að beinna áhrifa hennar þ.e. raf- og segulsvið nái ekki inn á land jarðarinnar Galtarholts og hamli þar með lögmætri nýtingu jarðarinnar og jafnframt verði land Galtarholts utan helgunarsvæðis línunnar. Við áskiljum okkur rétt til bóta verði ekki tekið tillit til þess.	Landbætur og samningar við landeigendur eru ekki viðfangsefni mats á umhverfisáhrifum, en á því er tekið í öðrum ferlum sem taka við í kjölfar þess að fyrir liggur hver aðalvalkosturinn verður. Fjallað hefur verið um málið á verkefnaráðsfundi og landeigendafundi og er vísað til kynningar á vefsíðu Landsnets. <sup>19</sup>
<b>Kafli 10</b>		<b>Efnisatriði: Skipulagsáætlanir</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
50	Sigurbjörg Ó. Áskelsdóttir og Eiríkur Blöndal, Langholti	Í kafla 10.1.3 Aðalskipulag í Matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1 er yfirlit yfir aðalskipulagsáætlanir og stefnur þeirra er varðar lagningu nýrra háspennulína. Í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 er lögð fram eftirfarandi stefna: „Stefnt skal að því að háspennulínunum verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu; frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.“ Í aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 og í ljósi ofangreindrar stefnu sveitarfélagsins er þörf á breytingu aðalskipulags með tilkomu Holtavörðuheildarlínu 1. Ranglega kemur fram að verið sé að vinna að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Borgarbyggðar. Það er ekki rétt, enginn ráðgjafi hefur verið ráði til verkefnisins, en eftir því sem við komumst næst að þá sé stefnt á heildarendurskoðun aðalskipulagsins.	Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 11.06.2020 að auglýsa skipulagslýsingu vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.
<b>Kafli 11</b>		<b>Efnisatriði: Eignarhald</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
51	Hrífa ehf., eig. Guðnabakka	Ekkert er í matsáætluninni minnst á eðlilegar og sanngjarnar bætur vegna landskaða af völdum háspennulínunnar og bætur vegna tjóns landeigenda. Lýst er eftir umfjöllun í matsáætlun um þann mikilvæga þátt framkvæmdarinnar.	Landbætur og samningar við landeigendur eru ekki viðfangsefni mats á umhverfisáhrifum, en á því er tekið í öðrum ferlum sem taka við í kjölfar þess að fyrir liggur hver aðalvalkosturinn verður. Fjallað hefur verið um málið á verkefnaráðsfundi og landeigendafundi og er vísað til kynningar á vefsíðu Landsnets. <sup>20</sup>
52	Jón F. Jónsson, Vindheimum	Ég minni á að árið 1974 var föður mínum hótað eignarnámi ef hann skrifaði ekki undir pappíra um línulagninguna, það sama er enþá gert í dag. Engar forsendur eru fyrir slíkum gjörningi þar sem komið hefur fram á fundum hjá Landsnet að línan sé viðbót við núverandi línu þó hún sé kölluð endurnýjun.	Í kjölfar umhverfismats hefjast viðræður við landeigendur auk þess sem unnið er að fullnaðarhönnun framkvæmdanna. Þær viðræður og vinna geta mögulega leitt til einhverra tilfærslna á línuleið, mastrastæðum og vegslóðum áður en óskað er eftir samningaviðræðum. Mikilvægt er að hafa í huga að samningar um landbætur eru meginreglan. Eignarnám er undantekning. Áður en óskað er eignarnáms þarf að hafa verið reynt til þrautar að ná samningum. Ef ekki nást samningar þá getur komið til kasta Matsnefndar eignarnámsbóta. Sem betur fer eru flest mál leyst með samningum milli Landsnets og landeigenda.

<sup>16</sup> Rafsegulsvið við spennistöðvar – Skýrsla um mælingar við spennistöðvar, Geislavarnir ríkisins apríl 2021

<sup>17</sup> Vefsíða norsku geislavarnanna, <https://dsa.no/straum-og-hogspent#>

<sup>18</sup> [https://dsa.no/straum-og-hogspent/det-er-ikkje-helseskaeleg-a-bu-eller-opphalde-seg-naer-hogspentanlegg/Bolig%20n%C3%A6r%20h%C3%B8yspenningsanlegg\\_mars2022.pdf](https://dsa.no/straum-og-hogspent/det-er-ikkje-helseskaeleg-a-bu-eller-opphalde-seg-naer-hogspentanlegg/Bolig%20n%C3%A6r%20h%C3%B8yspenningsanlegg_mars2022.pdf)

<sup>19</sup> Þórður Bogason. Helstu sjónarmið við ákvörðun landbóta vegna 220 kV háspennulínu. Erindi flutt á kynningarfundum Landsnets með verkefnaráði og landeigendum þann 11. maí 2022: <https://www.landsnet.is/library/?itemid=d144d68e-f2a7-4bab-8b5c-861f9f758abf>

<sup>20</sup> Þórður Bogason. Helstu sjónarmið við ákvörðun landbóta vegna 220 kV háspennulínu. Erindi flutt á kynningarfundum Landsnets með verkefnaráði og landeigendum þann 11. maí 2022: <https://www.landsnet.is/library/?itemid=d144d68e-f2a7-4bab-8b5c-861f9f758abf>

53	Jón F. Jónsson, Vindheimum	<p>Áætlað er að nýja línan standi í 70 ár sem er langur tími í lífi hvers manns og er erfitt fyrir landeiganda að ráðstafa því landi til svo langst tíma án sanngjarns leigugjalds af landi eða riftunarsamnings af hálfu landeigenda. Ég leyfi mér enn fremur að fara fram á nýtt leigugjald af núverandi línu eigi hún að standa áfram enda línan orðin úr sér gengin að sögn eigenda en telja samt að hún muni standa áfram.</p>	<p>Landbætur og samningar við landeigendur eru ekki viðfangsefni mats á umhverfisáhrifum, en á því er tekið í öðrum ferlum sem taka við í kjölfar þess að fyrir liggur hver aðalvalkosturinn verður. Fjallað hefur verið um málið á verkefnaráðsfundi og landeigendafundi og er vísað til kynningar á vefsíðu Landsnets.<sup>21</sup></p>
54	Sigurður A. Ármannsson	<p><i>Vanáætluð "landtaka" vegna línu</i></p> <p>Land meðfram línulögn er ónýtt til annars en hagabeitar eða túnræktar og það mun lengra en Landsnet vill vera láta.</p> <p>Markaðslega er ekki líklegt að fólk sé tilbúið til að leigja sér lóð nær en 500 metra frá línulögn og þá jafnvel á lækkuðu verði. Þá skiptir ekki máli hvað telst óhætt, eða hætta af nálægð ekki sönnuð. Skynjuð hætta af nábyli við raflínu skiptir meira máli en fræðileg hætta þegar fólk velur sér lóð fyrir sumarhús.</p> <p>Af ofangreindu má draga þá ályktun að þar sem núverandi lína liggur er kílómeters breið ræma sem er landeiganda í raun ónýtt til verðmætaukandi útleigu á landi.</p> <p>Með því að gera eins og lagt er til í matsáætlun, að leggja nýju línuna sumsstaðar nokkuð frá þeirri gömlu er verið að eyðileggja enn stærri landræmu til fjölbreyttari nota og þar með valda enn meira tjóni fyrir landeiganda.</p> <p>Í umræðum á kynningarfundi nýlega á Hótel Hamri kom fram hvornig land væri bætt, sem annað hvort ræktarland eða beitoland. Þær forsendur sem þar voru ræddar eru frá þeim tíma þegar búfjárrækt var það eina sem gerðist í sveitum.</p> <p>Umtalsverður hluti þess lands sem er undir núverandi línu væri nýtanlegt til útleigu sem sumarbústaðaland ef raflínan færi burt. Verðmat á slíku landi er allt annað en á bithögum eða túnum. Hver hektari sumarbústaðalands rúmar þrjár lóðir og leiga fyrir hverja lóð getur verið 80-200 þúsund á ári.</p> <p>[...]</p> <p>Línuleið eyðileggur möguleika landeigenda á umtalsverðum tekjum af landi sínu í formi árlegs afgjalds af lóðarleigu og mat á virði slíks lands verður að taka mið af þeirri staðreynd.</p> <p>Að víkja frá núverandi línuleið t.d. um Þverárhlið leiðir af sér enn meira tjón fyrir landeigendur og landseta og þar með einnig aukinn kostnað vegna landbóta fyrir Landsnet.</p> <p>Mín niðurstaða er eins og kemur fram í upphafi að illskást sé að leggja nýja línu eins nálægt þeirri eldri eins og hægt er og alfarið samhliða henni. Með því nýtast mannvirki einnig til að fjarlægja eldri línu og tjón landeigenda af breytingum er lágmarkað.</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um helgunarsvæði nýrrar línu og þeirrar sem fyrir er í kafla um helstu framkvæmdaþætti og einkenni þeirra. Í kafla um áhrif framkvæmdarinnar á landbúnað og skógrækt verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á mismunandi gerðir landbúnaðarlands, m.a. vegna helgunarsvæðis raflína.</p> <p>Landbætur og samningar við landeigendur eru ekki viðfangsefni mats á umhverfisáhrifum, en á því er tekið í öðrum ferlum sem taka við í kjölfar þess að fyrir liggur hver aðalvalkosturinn verður. Fjallað hefur verið um málið á verkefnaráðsfundi og landeigendafundi og er vísað til kynningar á vefsíðu Landsnets.<sup>22</sup></p> <p>Vísað er í kafla 9.9. í matsáætlun um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á landbúnað. Matið mun byggja á greiningu Rannsóknamiðstöðvar Landbúnaðarins (RML) þar sem sérstaklega er byggt á gögnum um ræktunarland og búrekstur á línuleiðum. Til upplýsinga má benda á sérfræðiskýrslu RML vegna Blöndulínu 3 en ætlunin er að vinna sambærilega greiningu fyrir umhverfismat Holtavörðuheidiarlínu 1.<sup>23</sup></p>
<b>Kafli 13</b>		<b>Efnisatriði: Samráð</b>	
<b>Nr</b>	<b>Umsagnaraðili</b>	<b>Umsögn</b>	<b>Viðbrögð Landsnets</b>
55	Forsætisráðuneytið/Regína Sigurðardóttir	<p>Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina, en tekur fram að mikilvægt sé að haft verði áfram samráð við ráðuneytið ef frekari vinna við Holtavörðuheidiarlínu 1 fer fram, svo sem mat á umhverfisáhrifum línunnar eða önnur skipulagsvinna tengd henni.</p> <p>Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.</p> <p>Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlenda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.</p>	<p>Landsnet þakkar fyrir ábendingarnar. Haft verður samráð við forsætisráðuneytið.</p>

<sup>21</sup> Þórður Bogason. Helstu sjónarmið við ákvörðun landbóta vegna 220 kV háspennulínu. Erindi flutt á kynningarfundi Landsnets með verkefnaráði og landeigendum þann 11. maí 2022: <https://www.landsnet.is/library/?itemid=d144d68e-f2a7-4bab-8b5c-861f9f758abf>

<sup>22</sup> Þórður Bogason. Helstu sjónarmið við ákvörðun landbóta vegna 220 kV háspennulínu. Erindi flutt á kynningarfundi Landsnets með verkefnaráði og landeigendum þann 11. maí 2022: <https://www.landsnet.is/library/?itemid=d144d68e-f2a7-4bab-8b5c-861f9f758abf>

<sup>23</sup> Borgar Páll Bragason, Eiríkur Loftsson og Sigurður Torfi Sigurðsson (2021). Blöndulína 3 umhverfisáhrif á landbúnað. Samantekt á umfangi landbúnaðar á áhrifasvæði Blöndulínu 3 og möguleg áhrif vegna framkvæmda og reksturs línunnar á landbúnaðarstarfsemi.: <https://www.landsnet.is/library/?itemid=f4975fc1-0b59-9b6-81b6-791ab99d2021>

